Þá sá jeg mjer til mikillar undrunar að jeg lá fyrir framan
aumustu kofaræksnin minna. „Hún Elli hefir mörgum á
Ryje Konid" sagði jeg og staulaðist á fætur.
Já undarlegt er lyfið í draumalandinu.

Ferðalangur.

Á safnaðarfundi.

Björn óðalsbóndi Lalandi einsog ýmsum er kunnugt á heima
Hólakirkju fylgt jarðnesku Hóli sem mjer arðinn mun eigin.
En þar eð fleiðar kirkjur, sem mig hafa verið eigin einstakra
jarða, en nú orðnar eign safnaðanna. Þá leyfi jeg mjer
að fara þessá leit við heiðvirða sóknarbörn Hólskirkju,
hvort þau vilji ekki taka við henni sem sinni eigin. Jeg
fyrir mitt leiti sje því ekkert til fyrirstöðu, nema þakar,
sálist það skylda safnaðarins að hafa allan vanda af henni,
þar sem hún er byggð fyrir allan safnaðarins, og stikar skóg-
ur eru vanalega almenningseigur, einsog t. d. skóla-
eru eigur sveitafjelaga o. s. fr. - En að hún sje eigur ein-

þessu samb. að ræða upp hendurnar."

Hægt og hikandi var rétt upp hver hendin á eftir annari. Fundarstjóri „1, 2, 3, 4, 5 o.s. frv. Það er samb. með miklum meiri hluta."

Björn Salari: „Eins og ég gat um áðan, getur hver sem vill fengið það sjá reikningana sína, - ég hef já ekki með mína; en þó að þeir standi heldur vel, þá væri mannsbyrgð að hækka ofurlítið kirkjugjöldin. Það vitið að gjaldendur eru fáir og gjöldin lá, svo kirkjusjóðurinn stendur líklega árlega, en þar sem söfnuðurinn er búinn að taka að sjer kirkjuna verður hann að sjá sóma sinn í því, að láta hana líta vel út, og drega ekki of lengi að byggja hana þegar þörf gerist. Prestarnir hafa lengi látið það í ljósi við mig að nauðsynlegt þyrfti að kaupa nýtt orgel í staðinn fyrir gargandið sem núna er, og einnig þyrfti að gera við þakið á kirkjunni og lítils háttar við gluggana, o. fl. en höfuðstólinn má ekki skerða, og eins eða tveggja ára tekjur eru oftlitlar til þessara þarfa) umboðs ef þar eru ekki aukar á einhvern hátt."

Einn af sóknarbörnum: „Ætli það komi nú ekki upp úr kafinu að það þurfi að fara að byggja kirkjuna það allra fyrsta. Þráðasta. Kaupa ný nýtt orgel, gósa klukkurnar, hækka og nýja altarisklæðin." Allir hlæja. Ætli það ekki, ætli það ekki. Og nýja jörð undir kirkjuna, og kirkjugarðinn."

Skjalasafnið Ísafirði

„Ætli maður þurfi þá ekki að kaupa ráðunaut líka?" „Eða borga inngang í sjálfa Kirkjuna?" „Maður þarf líklega að kaupa prestinn líka."

Fundarst.: „Ekkert samtal. Ef einhver vill ræða þetta þá er orðið laust."

Árni biður um orðið: „Ég segði það ábæri að ég væri hræddur um að við lækjum við á okkur of þungan bagga ef við lækjum við kirkjunni. Það er nú líka komið á daginn þráttt fyrir öll lunghreystinga og fagurði Björns bónda, að við megum lakara drúgan skilding úr okkar vasa, ef kirkjan á að vera brúkleg, hvað þá okkur til sóma. Ogum þá er ég hræddur um að þessi fósturbræðraskál eða friðarskál sem Björn rjetti að okkur, með því að afhenda okkur kirkjuna, verði heppilega til þess að koma á veg fyrir ósáttir. Ég óska ei eftir að tala meira um kirkjuna. En eyða fleiri þessu máli hrædd hefst til mikið. Lítið lugsað, en mikið látið leiðast um of, og minna reiðen skyldi."

Alt í kring: „Já þetta lugsaði jeg altjend". Einn úr aftasæti: - Jeg vissi þetta að kirkjan var orðin hálfvað skrifli; - guð fyrir gefi mjer að fyrir bloða guðshúsinu, - og prestsins var orðinn áhægður bæði með kirkjuna og orgelið. En þetta getur hann víst heimtað, eða hann hættir að messa. Já einum við skildugri að - Annar tekur fram í: „Því talaðirðu ekki um þetta meðan en á kv. voru greidd?"

- Já því getur ei sagt svo. En hvernig í fjandanum á maður-

ur að standa upp og halda hróka rétt móti Paulopsun
rétt mönnum þegar maður hefir aldrei talað eitt ein-
asta orð á Íslandi?" Og svo hjelt jeg að Árni mundi
ei tala meira, jeg varaði mig ekkert á þessu."

Björn: "Það þýðir mi ekkert að vera að þrátta um þetta
lengur, þetta er nú einu sinni búið að semja upp á
og verður ekki skift aftur. Það var nógur tími til þess
að tala um þetta, áður en þetta var samþ. en nú er
það í ólíma. En jeg vildi nú ráðleggja ykkur, að nað
þegar þið þurfið að ráða fram úr máli sem einhverju
máli skiftir, að láta ekki feimni eða hjegóma-
lega óframfærni varna ykkur máls, svo að það verði
samþykt sem þið ætlið ykkur að hafa ekki móðmælt.
Sökum þess, að flegra liggur ekki fyrir fundinum,
og honum á Kirkjuvallaeldunum verður ekki á hvæðin
núna, þá leyfi jeg mjer að segja fundi slitið."

Árna Gudmundss.

Skjalasafnið Ísafirði

Ingjaldur.

||4. Blað.|| Bretkru 14. mars. 1920. ||11. árg. ||

Bergmálið.

Nonni litli hafði aldrei heyrt talað um bergmál. Einu sinni hljóp hann upp að háa klettinum fyrir ofan bæinn og fór að hoppa þar og stökkva með miklum ærslum og kallaði hvað eftir annað: „Ha, ha! Hver er þú?“ Kall-já heyrði hann í sömu andrá kallað frá klettinum: „Ha, ha! Hver er þú?“ ~~var varð~~ Kallaði hann alveg hissa: „Hver er þú?“ var svarað. „Þú er í bæ!“ kallaði Nonni aftur. „Er í bæ!“ heyrðist frá klettinum.

Nú reiddist Nonni að marki og kallaði mörgum ljótari, og ljótari orðum til þessara ósýnilegu herra í kletti. En alt voru þau kölluð nákvæmlega eins til hans aftur. Hann hljóp nú í burtu frá klettinum til þess að ná í þenn-an strák, sem hann hjelt að væri þar, til þess að hefna sín á honum, en þar var, hans lengjum strákur.

Nonni litli hljóp nú heim til mömmu sinnar og sagði henni að það hefði skammur strákur falið sig upp við klett-inn og verið að skamma sig. Móðir hans svaraði: „Í-þetta sinn hefirðu líklega verið sökk á sjálfan þig. Því það er

að vita, að þau hefði ekki heyrt annað en þeir eigin orð. Þau eins og þau margoft hefði sjeð hitt eigið andlit, í vatninu, eins hefði þau í þetta sinn heyrt þín eigin orð frá klettinum." Og svo segði hann honum hvernig það alvi raðist.

Hefði nú Vanni líkt hallað vinstra megin og til klettsins, þá hefði hann fengið minna en örlítið baka. En svona fengum það nú oftast, að annara breytni gagnvart okkur, er skiptið bergmáli. Endurkast eða endurhljóðun af varri eigin breytni gagnvart náungum. Ef við gerum eitthvert jafnt í orði eða verki, þá munum það oftast vera goldið í sömu mynt, eða á einhvern hátt sýnd velvild eða þá kærleiksemi á móti, sem oft er eins konar munur, og þegið með meiri gleði en penninga eða annað verðmæti, þegar líðinn greiða.

Aftur á móti ef við gerum öðrum rangt til á einhvern hátt, þá þurfum við varla að lengi að bíða eftir því að okkur sje borgað á sama hátt.

Við getum ekki leitast við að breyta af mannagangi við okkur, heldur en við breytum við hann.

(Lauslega þýtt úr dönsku)
Finnur Guðmundsson.

Skjalasafnið Ísafirði

Stjettarvigun.

Það viðrist koplega liggi, að konast hjá sundurlyndi og flokkadrætti, í hvaða stöðu sem menn lifa í mannfélaginu.

Flokkadrættir eða meiningamunur eru að vísu ekki altaf til skaða. Sum mikils vardandi mál verða aldrei skýrð til fulls, nema þau sé sín sje deild. Skiftar skoðanir eru oftast af því, að málið verður að athuga frá fleyri en einni hlið, og með því einu verður hvert mál skýrt til hlýtar, að allir einblíni ekki á sömu hlið málsins, kosti sína eða gallana. Aftur á móti er ósamkomulag, deilur og sleggjudómar milli ýmsra stjetta í mannfélaginu sem orsakast af misskilningi og á kunnugleika, mein sem þurfa að upprætast úr þjóðfélaginu.

Það er ekki ódalgengt að ein stjettin leggur fæð á aðra, og jafnvel vinnur á móti henni af alefli, án þess þó að gera sjer grein fyrir, af hvaða ástæðu.

Jeg ætla fyrst að taka til dæmis hvar stjettir sem ekkert eru sinna kunnastar, og þótt undar undarlegt megi virðast, hafa leggi staðið á öndverðum meið. Það er sjómanna- og bændastjettin.

Þessar tvær stjettar hafa líkt, og líka smáum augum hvor á aðra. Hver um sig þykist vera annari meiri, og horfa upp

á aðra konuna, en mega þó hvorugar án annara vera.

Það er alment viðkvæði hjá sjómannunum þegar um skemdarnar fisk er að ræða, sem oftar er nú orðið, að „það sje fullgott í sveitarmanninum (eða vargnum)", og hjá konunum þegar þeir selja skemdar eða gjelegar afurðir af búinu, t. d. smjör, kofu og kjöt, að „það sje fullgott á kaupstaðarbúinn eða sjómanninn." „En hver er svo afleiðingin af þessari hugsun? Þrátt! svik og tortryggni á báðar hendur, hvor um sig vill gjalda líkum líkt, ekki láta betri vöru af hendi en á móti er leitið, heldur ofurlitið lakari. Öðruvísi af hegg'a hálfu, sem eðlilega leiðir af sjer óánægju og illan þokka hvers um sig. Og svo er mannorði þeirra hegg'a í daglegu tali, og ámyndunum.

Sjómaðurinn á líka sveitafólk yfir höfuð ónæmt að dugnaði, gestrisni, alúð, hæfilegri hirðusemi og hugsunarhætti, sem hafinn er yfir daglegt stríð. Þeir hugsa sjer sveitamenn ofurlítið með svitalykt, krossamóðuga, hrygjuga og hámuga um hendur og andlit.

Sveitafólkið hugsar sjer aftur á móti sjómanninn yfir höfuð ónæmilega, sem skríl, sem gerir ekkert annað en reykja „cigarettur" og drekka „brennivín" og „kognak-spíritt", ganga fínt klæddir, og „dufla" við kvenfólkið.

Þeir sem eru ardarir hvorugir þessum böðum sjálfum

Skjalasafnið Ísafirði

geta best borid um hvort petta er ekki satt.

Peim eru pá pessar báðar spjetdir sammæla, og pað er enn bætis spjetdin, sje einungis til pess, eda spjetdara sagt gert ekki annad en sjuga blódid úr alpýdunni, lifa á hennar sirum sveita og praelkun. Petta er ad vísu satt, ad embættismennn sem launadir eru af landspje, lifa á pungi alpýdunnar, admiklu leiti. Petta er pad sama sem embættismennirnir pjá, sem halda pví fram, ad embættismenn sjen ádeins blódsugur.

Aftur á mót álítum vjer embættismannastjettin, eda petta svokallada betldra fólk, ad alpýdan sje ádeins sköpud til ad vinna. Fyrst og fremst fyrir sinni eigin persónu, og svo fyrir betldrafólkinu. Líkt er pessi stjett hjer i ey hús dýr, en hjer vantar bil ja fleira.

Framhald næst.

Einar Gudmundsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ingjaldur.

1. tbl.	Álfadal 3. jan 1921.	12. árg

Samvinna.

Jeg kalla þessa grein samvinnu. Ekki svo að skilja, að jeg ætli að ræða um samvinnumál yfir höfuð, heldur aðeins lítilsháttar aðminnast á samvinnu eða samhug meðal þeirra sjetta, sem jeg hefi minst á í þessri grein minni.

Jeg hefi leitast við í greininni „Sjettarig", að skýra frá örfáum atriðum, sem þessum sjettum hefir greint á um. En í þessum línum langar mig til þess að reyna sína í fáum orðum hve þetta er mikill misskilningur og illa grundaðir dómar. Þegar við athugum vel aðstöðu sjettana hvorrar til annarar, þá komumst við að þeirri niðurstöðu að það má enga þeirra vanta. Þær eru allar jafn nauðsinlegar.

Væri enginn landbúnaður, þá væri ekkert framleitt af þeim gæðum, sem náttúran hefir að bjóða, en án þess væri ekkert líf til. Því flestar af þeim fæðutegundum sem notaðar eru,

Skjalasafnið Ísafirði

ern framleiddar af jörðinni, en til þess að framleiða
þarf afl, og til þess að mynda þetta afl, þarf manns-
- höndin og hugarfið að vera starfandi. En til þess
að þetta afl fáist og komi að notum, þarf einbeittan
vilja, óskiftan hug og starfsemi. Og þetta afl hefir
bandastjettin myndað og þeir, sem í sveit búa og
vinna. Þegar þess er þar gætt, hversu mikilsverðan
þátt þessi stjett á í því að mannkynið geti lifað og
verið til, getur enginn með sanni sagt að hún
standi skör lægra í mannfjelaginu en hinar.
Og enginn þegar á það er litið, að mentun og
framfarir eru þar á engu lægra stigi en hjá
hinum eftir ástæðum.

Guð hefir skapað jörðina á þann hátt, að
hún er ekki öll þurlendi, þótt hún sje nefnd jörð.
Heldur er meiri hlutinn sjór og vatn, en þurlend-
- inu eða löndunum dreift um hana á alla
vegu eins og margar og mismunandi stórar
blikkplettur á bolta. Ef aldrei hefði verið smíðað
skip og enginn hefði þorað að leggja út á hafið, að
ógleymdum þeim mörgu miljónatonnum virði sem
árlega berast á land í fiski og fleiru, sem úr
sjónum er unnið, og sem líka er verk sjómannanna.
Hvernig getur nú nokkur með sanngirni sagt að sjó-

Skjalasafnið Ísafirði

mannaskiptin sje ekki naudsinleg? Hvad sem um sjómennina er ad segja þegar í land kemur, þá er þó eitt víst ad samgöngur á sjónum og fiskveiðar hefði ekki gengid jafn vel alt til þessa dags hefði sjómannaskiptin samanstaðid af eintómum skríl.

Þá kem eg ad þeirri skiptini sem sex margir hafa horn í síðu, og bádar hinar fyrtöldu skiptir láta sér lítid ad vera sammála um ad kalla „blóðsugur". Um hana atla eg ad vera stuttordur, því það þarf meiri mann orðr, til þess ad lýsa starfi hennar sem skyldi. Það er til gamalt spak-mæli sem hljóðar svo: „Armur er höfuðlaus her". Vit hljótum öll ad sjá ad þetta er satt.

Eða hvernig myndi fara ef heimilin væru húsbóndalaus eða skipin skipstjóralaus, og enginn segði fyrir verki, en allir gerðu eins og þeim syndist. Ja, hvad væri þá, þá væri heim-speki framtíðarinnar vita. Eða setjum nú svo ad gud hefði skapad menn á hverju meginlandi og eylandi. Þá er þó eitt víst ad þjóðirnar hefðu verid einangradar hver í sínu landi og eyju, hverjar væru þá framfarirnar? Allir vita hvílíkur heilla-gardur Kínverski múrinn var, og landgöngu-bann Japana. Það er besta skýringin á fram-

-förunum. Löndin eru misjafnlega auðug af þeim
efnum sem menn þurfa að nota, til fæðis og fram-
leiðslu. Eitt landið er svo að segja gersnauft af þeim
efnum sem annað hefir gnægð af o.s. frv. Af þessu
sjáum við að samgöngur og viðskifti meðal þjóðana
eru lífsskilyrði sinn fyrir (mannkynið) þjóðarheildina
En til þess að þetta geti átt sér stað þarf mannsk-
kraft og hugvit. Og til þess að þessi kraftur fáist,
þarf einstaklingurinn með þrautseyju, djörfung og
einbeittum vilja að fórnast á hendur þetta mikil-
væga starf og undirkasta sig öllum þeim hættum
og erfiði sem því eru samfara. Þetta afl sem sem
þarf til þess að komast úr einu landinu í annað
hefir sjómannastéttin myndað. Þá held jeg sje
óhætt að segja að ekkert heimili eða skip væri til.
En hvernig væri það þá með heil sveitafjelög, þjóða
og þjóðfjelög. Framfarir á öllum sviðum útheimtir
reglu semi eða jafnvel þó að alt stæði í stað,
þarf maðurinn að lifa eftir vissum reglum. Það
er ekki nóg þó að einstaklingurinn setji sjer reglur
til að lifa eftir. Hann verður líka að hlíta þeim als-
-herjar lögum sem þjóð og þjóðir eru háðar (hafa sett)
til þess að vera einn nýtur hlekkur í mannfjelagskeðjunni,
því að eins og að einn hlekkur úr keðju er ónýtur ef hann

Skjalasafnið Ísafirði

er ekki í sambandi við hina. Eins er maðurinn líka sjálfum sjer og öðrum ónýtur ef hann hlýðir ekki sönnu lögum og góðu fjelagi sem hann lifir í. Er til þess að mynda þessar reglur, halda þeim saman og beita þeim, þarf andlegt starfandiafl, en þetta afl er embættismannastjettin. Er hún er sett að segja bein af dlfyðunnar beinum og hold af hennar holdi. Þeir eru valdir úr hennar hóps til þess að halda reglu. Þeir eru vinnumenn alfyðunnar og þar af leiðandi gjeldur hún þeim sitt kaup sem þeir eiga með rjettu, en eru ekki snýkjudýr, eða blóðsugur á fyðarlíkamanum eins og oft er haldið fram, og eru fyðunnar sjálfráðar og alfyðan sjálfráð ef hún vill, hve mikið hún borgar fyrir sitt starf.

Við sjáum nú að þessar umtöluðu stjettir eru allar jafn nauðsinlegar, og þegar að alt er litið á standa þar allar jafn hátt eða lágt, þrátt fyrir þau mismunandi kjör sem þessar stjettir eiga við að búa. Meðan allar standa vel í stöðu sinni, eru þær jafnar, en ef einhver vanrækir skyldur sínar verður hún að falla skör lægra, en fyr ekki.

Gimsteinn er altaf gimsteinn hvort heldur hann gýmar í fjárhyrslu konunganna eða sorphaug

Skjalasafnið Ísafirði

hotungarna. Og mannamna er sama
hvort heldur hann angar af ylmvatnspeg, mykjupeg
eda slorpeg.

Par ed allar stjettir hafa svo mikilsverdu ad
gegna, og starfa allar á sama grundvelli, ad
sama markmiu n. l. ad vid halda lífin í fram-
þróuninni á jördum, þá liggur það í augum
uppi ad hver þarf ad styðja annan og hjálpa eftir
megni, med það fyrir augum ad það sje í hanns
verkahring. Samhugur og samvinna er það
naudsynlegasta hverju þjóðfjelagi. Allir eitt!---

Einar Gudmundsson.

Skjalasafnið Ísafirði

Fjörgjaldur.

2. bl	Súðavík 13. mars 1921.	12. árg.

Áminning.

Margt þarf að athuga. Mjer finnst það íhugunarvert hvað kvenfólkið er þögult á fundum. Það lítur svo út að það sofni gleymskunar-svefni, þegar það kemur á fundarstaðinn. En við megum ekki gleyma hvað U.M.F. eru mikilsvarðandi fjelög. Og við verðum að vinna okkur braut, svo það þurfi ekki að hljóma í eyrum okkar að við sjeum lítleysingar, heldur skulum við reyna að vera starfandi, og hvetjandi allra samnra framfara. Hirðum ekki um, þótt ekki þyki mikið varið í það sem við berum á borð fyrir áheyrendur okkar. Heldur skulum við kosta kapps um að koma því málefni áfram sem við berjumst fyrir, því þolinmæði þrautir vinnur allar. Hefjum merki vort hátt, og hopum ei þótt við finnum að eigi að gera okkur lágt undir höfði á einhvern hátt. Rennum huga vorum til Krists, og munum hvað hann var þolinmóður

Skjalasafnið Ísafirði

í þrautunum, og reynum að feta í hans fótspor.

Gjörum alt það sem í okkar valdi stendur, að gera gott og leiðbeina á rjettan veg, því það tilheyrir okkar fjelagsskap, og að gleðja þá sem bágt eiga. Verum samtaka, þessum orðum upp og fökum undir með skáldinu:

„Hátt ber að stefna, von við þraust að vinna,
takmark og heit, og efndir saman þrinna". HH.

Margrét Árnadóttir.

Skjalasafnið Ísafirði

Ingjaldur.

3. bl.	Ísafjarðar 10. apríl 1921.	12. árg.

Á ferð og flugi.

Jeg sendi blaðinu fáar línur í hugsunar og getuleysi. Ekkiað verður það að heita, því ekki sje jeg gufuskipin fyrir landi, nje steinhús eða blómgarða. Þessháttar loftkastalar rúmast ekki í mínum haus, en hinu vildi jeg halda með, samhug og samvinnu. Við þurfum að vinna með hug og sál í eindrægni og elsku, við enum fá og þurfum því á öllum kröftum að halda.

Við sjáum það öll, að þörfin er fyrir samvinnu alstaðar í þjóðfjelaginu, bæði fyrir orð og gjörðir, útávið og innávið. Því meira verðum við að leggja á okkur til að ná því marki sem stefnt er að. Það er fjelagsskapur að vinna af alhug í orði og verki á hvaða fjelagi sem maður er, en ekki síst þurfa U. M. F. þess, því þau eiga að vinna að öllum góðum framförum, smáum og stórum. Þá er að minnast á okkar fjelag, það vantar allan hug og dug til framkvæmda, en látum það ekki sannast á okkur.

Framhald.

Guðm. Jónsson

Skjalasafnið Ísafirði

Aska og elli.

Allir kannast eflaust við kvæðið: „Hausthvöld“, eftir Steingrím Thorsteinsson; þar sem skáldið kemur fram með svo undur fagra samlíkingu milli himnar yfri náttúru annarsvegar og mannlífsins hinsvegar. – Það er líka síst að undra þótt skáldið dveldi við slíkan samanburð. Því í einmitt þessar hliðar himnar yfri náttúru: haustið og vorið eru svo líkar elli og æsku mannlífsins, að sambandið á milli þeirra má rekja í hið smásmugulega, ef sömu eðlisskilyrði og fullnæging þeirra eru fyrir höndum, á báðar hliðar. – Aska og vor, elli og haust fallast í faðmlög, og þetta má segja bæði frá líkamlegu og andlegu sjónarmiði.

Ef við aftur á móti berum vorið saman við haustið, og ellina saman við æskuna, þá mætast þar hvar andstæður, sem ekki er hægt að brúa saman nema frá andlegu sjónarmiði. Þegar skáldið segir: „Morgun ei af aftni ber, og ei af hausti vorið“,

þá er það engum efa bundið að slíkt er sagt þá andlegu sjónarmiði. Eða þar sem skáldið ámunni askuna vegi segir:

„Öflof valið ösku þrátt
ellin samd ei skerði;
andinn getur hafist hátt
þótt höfuð lotið verði."

Það er einmitt um þennan andlega skyldleika askunar og ellinar, sem eg vildi skrifa nokkur orð.

Við þekkjum það eflaust öll úr okkar hversdags-lífi, hversu askurinn og ellinni veitist samfylgdin erfið, á alsherjarvegi lífsins. En sú samfylgd er þó eflaust einhver þýðingarmesti þátturinn í lífsþroska þjóðana; því um þann þátt snýst kynslóðar-baráttan, hin sífelda fyrirhyggjuvig mannlífsins.

Það er eðli heilbrigðrar ösku, með hraustu sál í hraustum líkama, að vilja fram í lífsbaráttuna með allar sínar þrár og vonir; að minsta kosti eina lífil lífsmerki með þeirri ösku, sem ekki reynir að seilast eftir framtíðinni og komast hærra upp í fjallið en fyrirrennslóðin.

Eðli ellinnar er aftur á móti vanalega hóg-værara, og því síður hægt að heimta miklar fjallgöngur af henni. En hvað er þá að athuga við þetta fyrir-

- lag æsku og elli². Þetta: Að þar komast mjög sjaldan í samræmi. En af því leiðir oftast andúð á milli beggja málsaðila; — hvor þykist hafa rétt fyrir sér.

Ellin þykist vera réttborin ráðunautur æskunnar og vill ala hana upp eftir sínu lögmáli. En æskan sem er venjulega hneygð fyrir ýmsa nýbreytni, kann illa við öll bönd, og heimtar frelsi. Hún lítur á lífið með stórum forvitnisaugum, og langar upp í klettana, því alltaf hefir hún hugboð um nýtt útsýni yfir framtíðarsvið. Er þá komið að þeim vegamótum þar sem æska og elli mætast fyrir alvöru. Ef hinir eldri sinna þá ekki þeim kröfum, sem æskan gerir til þeirra, eða ef til vill henda í hana „afloga flíkum" þá verða afleiðingarnar þær, að vegir skiljast, og hver fer sína ferð. Æskan verður þá skundum af þeim tufek og kröfur hennar ekki tímabærar. Eldri kynslóðin verður aftur á móti vöndð með æskuna og hennar hugsjónir, og sjer hlutina, því miður oft, aðeins í „gegnum annara gler"; en sjálfstæðar athuganir fá sjaldan að komast að.

Af þessu leiðir, að allar eðlilegar framfarir bíða ómetanlegt tjón á þessu öfgaskeri æsku og elli. En hvaða ráð er þá heppilegast og heilladrýgst til umbóta í þessu efni? Jeg efast ekki um að eina

óbrygdula medalid, svo í þessum sem öðrum efnum er: samúdarandinn. Fái hann að leysa ísfjötra mannlegrar skammsýni og skilningsleysis, – þá er vorgróðinn vís. ~

Framhald.

Bjarni Ívarsson

Á ferð og flugi.

nitarb.

Þegar eg gekk í félagið, þá var líf og fjör í því. Blaðið „Ingjaldur" lesið upp á hverjum fundi, en nú koma ekki nema 3-4 á ári. Þarna sjáum við starfshugann og dugnaðinn hjá okkur, það lýtur út fyrir að við sjeum orðin köld fyrir okkar eigin og félagsins velferð, en það meigum við ekki vera, við verðum að hvessa okkur upp og blása lífi og fjöri í það. Þó að við sjeum fá og smá, þá verður þebagið að lifa. Við verðum öll að rjetta fram hendurnar til starfa og þá getum við meira en við ímyndum okkur.

Það dugar ekki að hugsa sem svo að hin félögin sjeu ekki betri en okkar, nei það dugar ekki, heldur verðum við að hafa lifandi hug og fjör í öllum

ökkar verkahring. Það eru sumir að segja að það sje af peningaleysi að fjelagsskapurinn sje svo daufur, en jeg segi nei, það vantar allan samhug og samstök.

Þá er að minnast á Skinfaxa. Hann sjest ekki og er það slæmt fyrir ökkur fáfróða fjelaga, því meðan jeg sá hann þá fræddist jeg í mörgu sem fjelagsskapnum kom við, en nú er jeg orðinn hálffreðinn fyrir fjelagsstörfum og störfum og þarf því að fá klyfju utanað. Jeg hefi áður minst á líf og fjör í fjelaginu þegar jeg kom í það, þá var lífs en nú er rökkur eða deyft og drungi, en af hverju stafar þetta? Hver vill svara? Það er ekki gott að svara, en vert þá að geta á eitthvað.

Þegar jeg kom í fjelagið þá voru fáir giftir af þeim ungu sem nú eru giftir, en við giftingurna dofnaði áhuginn á störfum fjelagsins. Þetta virðist mjer vera, en þetta dugar ekki, við verðum að vinna með lifandi áhuga af öllum ökkar kröftum, og reyna að klúa að blómunu ökkar, svo það deyi ekki í vetrarkuldanum sem á ökkur herjar núna. Eitt er sem við megum ekki gleyma það er söngurinn, við skulum halda honum við eftir megni. Að endingu óska jeg öllum gleðilegs árs, og óska að blómið ökkar blómgist og dafni á næstkomandi ári. ~ ~ Guðm. Jónsson.

Skjalasafnið Ísafirði

Aska og elli.

niðurl.

„Af skilningsleysi og karleiksskorti er lífið kalt".
Við meigum ekki skaða hina eldri eingöngu í ljósi okkar samtíðar og dæma þá svo eftir því. Nei, til þess að fá réttan skilning á störfum þeirra og hugsjónum verður að skygnast inní lífinn hjá þeim, bera þá saman við samtíð þeirra og skoða þá í því ljósi, er hún hafði lýst þeim með. Ef áskunum gætu þess að taka mikið tillit til skoðana hinna eldri og bera virðingu fyrir þeim, þá trúi jeg því fastlega að hinir eldri fengust smámsaman til að leita að því, sem sam-eiginlegt er í skoðunum beggja og bera virðingu fyrir heilbrygðum hugsjónum áskunar. Jeg er alls ekki að halda því fram að áskan og ellin þurfi endilega að fallast í faðma; — fyrst er taplega hægt að vænta þess, og mjög vafasamt hvort það væri heppilegt fyrir lífsþroskan í heild sinni. Og hefir skáldið þar eflaust rétt fyrir sjer er það segir:

„Enn fylgir hún þjer enhuga hin aldraða sveit,

Skjalasafnið Ísafirði

– þá ertu á vegi til grafar".

Ef altaf væri fetað í fótspor feðranna og þraddir allir klykkirnir á göfnlu vegunum þeirra, — ef altaf væru hugsaðar sömu hugsanirnar í heiminum, þá væri ekki að ræða um neinar framfarir ~~á heiminum~~ eða þroska. Alt okkar framkvæmdalíf myndi þá líkjast lygnum stöðupolli. Menningin myndi þá smám-saman hætta að seiglast eftir framtíðini og missa sjónar á aðalsmarki lífsins: – fullkommanartakmarkinu.

Nýjar hugsjónir verða að komast inn í framkvæmdalífið, ef alt á ekki að staðna og „daga uppi" eins og náttröllin í fyrri daga. Og vegurinn að fullkomn-inartakmarkinu er einmitt fólginn í því, að ryðja lífsþroskanum braut inn á starfsviðin, og þá getur ellin unnið jafnt sem æskan, því „andinn getur hafist hátt, þótt höfuð lotið verði".

Það er sannarlega hressandi að mæta gráhærðum mönnum með alvöru lífsins að baki; en framundan þeim gnæg af æskufjöri og samúðaryl í sál sinni. Það eru hinir ötulu „vormenn" lífsþroskans. Aftur á móti hefir það deyfandi áhrif að mæta ungum mönnum sem með rjettu geta heitið „andlegir gráhöllar".

„Oft dó áttræður og aldrei hafði
kvíðugs manns fyrr fær stigið".

Skjalasafnið Ísafirði

Ef áskunnemmirnir ganga með gráhærðan anda,
hvers er þá að vænta af ellini? Áskunnenn!
„Vorrenn Íslands"! Stingið hendini í eigin barm,
áður en þið dæmið ellina. Gætið þess fyrst að
áskulagið hljómi ekki „falskar nótur". — Fáið svo
ellina til að syngja vorsöngvana ykkar. — Þá
munu „andlegu gráfellunum" fækka!

„Sjá: líinn og roskinn er útdáið orð.
Er áskan og þroskinn er heimasmál um storð".

Bjarni Þorsteinsson.

Að velja veg.

Jeg átlaði að gera úr mýri afbyggðsmanna,
og átlaði langt burt en veg ei fann.
Um álfheimsins undur mig dreymdi
og öllu í kringum mig gleymdi.

Þ. Þ.

Flestir og sjálfsagt allir áskunnenn munu leggja út í lífið með sviptandi áhuga og skáldið talar þarna um, að verða mikilmenni eða afbragðsmaður á einhverju sviði. Að starfa eitthvað nytsamt fyrir land og þjóð, eitthvað sem tönn tímans vinnur ekki

Skjalasafnið Ísafirði

á, og fellur ekki í gleymskunar djúp, en stendur óhaggan-
legt komandi kynslóðum til aðdáunar og eftirbreytni.
En sitt er hvað framvarps og framkvæmd. Það er alt
annað – og álíkt hægara – að tala um og hugsa sjer
ýmsar framkvæmdir og fyrirtæki, en að sýna það í
verkinu. „Og afladi langt burt en veg ei fann". Það
eru svo margir sem ekki finna veginn, vita ekki
hvað þeir eiga helst að gera, þá gnægð verkefna sjeu
fyrir hendi. En það er að velja rjett, að velja það starf
sem hverjum einstakling er hentugast, og best í sam-
ræmi við hæfileika hans og þroska, eða með öðrum
orðum að hver hafi það hugfast um fram alt að
lenda á rjettri hyllu í lífinu. En því miður eru þess
mörg – fjöldamörg dæmi, hversu margir hafa lent úti
á skakka braut, að eins vegna þess að þeir hafa
hvorki þekt sjálfa sig nje vitað hvað þeir vildu helst
taka sjer fyrir hendur, en ekki snúið við meðan
tími var til. Hafa svo látið reka með straumnum
vilja og áhugalausir og tómlausir á sjálfa sig og
framtíðina. Svipaða sögu og þessa hygg jeg
að margir hafi að segja.

En hvernig stendur á að þetta er svona?
dettur mörgum í hug. Jeg held að fyrsta og helsta
ástæðan sje, eins og eitt skáldið segir:

Skjalasafnið Ísafirði

Um alheimsins undur mig dreymdi,
og ällum í kring um mig gleymdi.

Láta sig dreyma um glæsilega framtíð, en gleyma erfiðleikunum, að þeir sjeu nokkrir til, en ef til vill heldur mikið upp í skýjunum með hugsunum sínar og áformum. En svo kemur það upp úr kafinu að það hefir verið eitthvað sem ekki var nógu vel athugað, sem í byrjun þurfti að veikna með, og koma í veg fyrir að yrði að ógagni. En þegar svo ber til hættir mörgum við að leggja árar í bát og gefast upp, - halda að þetta sje ekki hægt að framkvæma sem þeir hafa tekið fyrir, og að þýðingarlaust sje að eiga við þetta meira. En ekkert er verra en þetta. Þegar einhver hefir mist trúna á sjálfum sig og framtíðina, hefir hann um leið glatað starfshæfileikum sínum og mist sjónar á því takmarki sem hann setti sjer í byrjun. Sá er vill verða nýtur maður og elska að koma einhverju þreklvirki í framkvæmd, hann verður eins og sagt er um sumar þjóðir okkar, að þrá á mátt sinn og megin, - þrá því að þetta sje framkvæmanlegt, ef unnið er með dugnaði og hagsýni. Þá verður það að vera í höfði eins og allir góðir hlutir, því líka ber að varast að líta aðeins á björtu

Skjalasafnið Ísafirði

hlíðarnar og gera altaf ráð fyrir því besta, en þó án þess að vera alt of svartsýnn.

Allir kannast við hann Hrafna Flóka og Þórólf smjör, eða sögurnar af þeim, hún sínir ágætlega þessar tvær ólíku lífsskoðanir, og þeir félagar lifa en þá á meðal okkar sem ímynd þeirra, og þeir eru líklegir til að geta orðið nokkuð langlífir. „Þegtu sjálfann þig", segir gamalt spakmæli, sem altaf er þó nýtt og afarlega verður í gildi sem fyrsta og helsta boðorð allrar samvistar velgengni og farsældar. Þetta virðist oft í fljótu bragði í næsta einfalt og vandalítið, en það hefir þó á öllum tímum verið talið eitt af allra þyngsta og erfiðasta lærdómi lífsins. Enda sínir aldagömul reynsla að svo er. Við nánari athugun kemur það oft í ljós, að eymd og ógæfa margra stafar af því þeir hafa vanrækt þetta. Það sannast oft þessi orð spámannsins:

„Hann skyldi ekki lánsins og lukkunar spil,
og lífsseglið kunni ekki að vinda".

En þessu verður ekki ráðin bót á með alþingisjarlögum eða reglum sem alstaðar geta gilt, því menningin er svo ólíkir að það sama á ekki alstaðar við. Besta ráðið er víst, að hver reyni að upspala sjálfan sig eftir því sem hann getur, og hefir best vit á. — —

Helgi Guðmundsson.

Skjalasafnið Ísafirði

Tíminn og hagnýting hans.

Tíminn er útlátur okkur mönnunum til undirbúnings undir annað líf, sem er bæði óvíst og fullkomnar nefnilega eilífðina. Þar eigum við að standa reikningsskap á þeim mörgu og miklu brotum sem við höfum framið hjer. Eftir því sem við notum tímann betur, eftir því verðum við nýtari menn í þjóðfjelaginu. En því miður fer tíminn oft til ónýtis bæði hjá mjer og öðrum, fyrir því að okkur vitanlega vit ekki hvers virði hann er, eða hefir ekki vitað það er óhætt að segja.

Jeg álít að tíminn og hagnýting hans sje sú dýrmætasta fjársjóður er nokkur maður getur öðlast. Þess vegna ætti hver maður að hugsa um að hagnýta sjer hann sem best. Það er skylda hvers manns að búa sig sem best undir lífið, enda er það nauðsinlegt fyrir hverri mann að vera sín sjálfs faðir sem unt er, því það kemur sjer oft vel eftir að hver einn þarf að fara berjast á sínar eigin spítur. Og reynslan hefir sýnt og sannað, að það er nauðsinlegt fyrir oss menn að nota

Skjalasafnið Ísafirði

Símanum vel, þvi: „Hvað ungur nemur gamall fremur“,
Því eins og skáldið segir, í þessu fallega erindi:

„Sje nokkur hlutur sorgarsár,
sje nokkuð byrturt til,
þá eru það hafin ástkær
ónýt í símans hyl“.

Maður sem slæpist, eydir símanum og veit ekki hvað hann vill, er ekki að minu áliti fær um að reka starf sitt hvorki með gledi nje góðum árángri.

Síminn er dýrmætur, og þar af leiðandi er nauðsin-
-legt fyrir alla að nota hann sem best. Hann líður áfram óhindraður og skylur ekki annað eftir en endur-
minninguna um það, hvernig við höfum varið honum. Jeg á hjer ekki einungis við þá sem í daglegu tali eru kallaðir embættismenn þar til settir af landslögunum, að segja fyrir öðrum og stjórna, og er þá embætti þeirra meðtalið vandasamara en annara, enda mun reikningskapurinn lyggja þeim fremur á huga. Jeg hygg að enginn sje til sem er ekki settur yfir eitthvað meira eða minna, en þá altaf svo mikið, að miklu varðar að það sje vel af hendi leyst. Embætti sitt kann einhver að reka á ólöglegan þá hann sje ekki eins og skyldi. Hið ytra getur falt og sýnst fyrir mönnum en hið innra er ónestum vert. Hugskotið er upptekjuréttan, hugsunin verður að orðum hún

Skjalasafnið Ísafirði

verður að verkum. Það er ekki nóg að vanda sig í verki, það verður að vanda sig í huga. Tíminn skýlur ekki annað eftir á flugi sínu en endurminningunum um það hvernig gleði og meðustundir vér höfum lifað. Vorar gleði og maðustundir eru margar framhjá liðnar og flagnar burt á vængum tímans, en þá svo sje varið endurminning þeirra að svo miklu leiti sem ástand vort er gleðilegt eða sorglegt. Allir stefna að einhverju takmarki, og öllum er það nauðsinlegt að vera sem nýtastir menn í þjóðfjelaginu.

Guðjón Guðmundsson.

Forlög og frjelsi.

Eru til forlög, eða eru þau ekki til? Þessa spurningu hafa sjálfsagt flestir einhverntíma lagt fyrir sjálfan sig. En svarið verður ekki altaf á sömu leið, eins og við er að búast. Flýtur það að þora eftir lífsreynslu og skapslindi hvers einstaklings, og hvaða skilning hann leggur á rás viðburðanna og mannlífið yfir höfuð. Af hverju eru sumir menn

víkir, en sumir fátækir, hinir hraustir en aðrir heilsulausir. Hversvegna eru lífskjör manna svo gagnólík, eru þeir sjálfir valdir að því, eða er ekki hægt að vita við það? Þessar spurningar hafa um allan aldur verið áþreifanlegt viðfangsefni. Það hefir verið rætt og ritað um þetta efni fram og aftur frá öllum hliðum, en altaf með sama árangri, sem sje þeim, að sumir hafa talið alt fyrirfram ákveðin forlög en aðrir haldið fram því gagnstæða. En þetta er þannig lagað að það hlýtur altaf að verða álitamál, og mætti nefna margar ástæður og atvik sem bæði mæla með og móti þessu hvoruhreggju.

Eins og kunnugt er, þá er í fornsögum okkar mikið af ýmsum sjakamálum er lýsa því að forn-íslendingar hafa verið miklir forlagatrúarmenn. Eins og t. d. „Ekki verður feigum forðað", og „Ekki má sköpum venna". Og mörg fleiri sem þessum eru lík. En þetta sýnist lýsa svo miklu viljaleysi til að vinna sjer braut, og skilningsskorti á tilgangi lífsins. Ef að alt væri fyrirfram ákvarðað, svo að hvergi skeikaði þá væri til lítils alt það strit og stríð sem menn eru að leggja á sig til að framkvæma eitt og annað. Það yrði þá að koma fram sem skráð væri í bók forlaganna, hvernig sem menn vinna veginn.

Skjalasafnið Ísafirði

að hafa áhrif á rás viðburðana, og velja sjer lífsstarf
eftir því sem hverjum líkaði best. Þá væri auðvitað
hægast og áhyggjuminst, að láta berast með tímans straumi
viljalaus og láta skeyka að sköpuðu og bíða eftir því
sem forlögin myndu ákveða, hvað sem það yrði um.
En þetta er svo gagnstætt öllum framsóknarhug og
framfaraviðleitni að það getur ekki haft neinar góðar
afleiðingar. Ein mörgum þykir nú það lýsa hugleysi
og virðingarskorti fyrir eilífðarmálunum, og álýta
jafnvel að verði sje tilraun til að grípa fram fyrir
hendur forsjónarinnar, með því að tala eða breyta
nokkuð öðruvísi en samkvæmt þessu, að allt stjórnist
af óviðráðanlegum forlögum. En jeg get ekki skilið,
að það sje nokkurt hugleysi eða uppreist á
móti því sem oss er boðið að hreina, þó að allir geti
ekki sætt sig við að hreina því að maðurinn sje
algjörlega viljalaust verkfæri í hendi forlaganna
eða hvers sem menn nú helst vilja kalla það.
En það er sýst að undra þó að þessi forlagatrú
sje almenn og rótgróin, eftir því sem í garðinn
hefir verið búið fyrir hana. Prestarnir hafa verið
ópreitandi að innræta mönnum ákveðnulleik hennar
skáldin hafa sungið hana inn í hug og hjarta
þjóðarinnar með ljóðum sínum, sem alþýða manna

Skjalasafnið Ísafirði

hefir yfirleitt haftmikið dálæti á, og ádmörguleiti gert stefnur þeirra og hugsanir að sínum eigin.

Þegar að þetta mál er skoðað frá öllum hliðum, og alt nákvæmlega vegið og metið, sem mælir með því og móti, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að þessi forlög sem menn eru altaf að stynja undir og barma sjer yfir hörku þeirra og miskunarleysi, sjeu aðeins fil í ímyndun manna og sprottin af viljaleysi og rangri skoðun á tilgangi lífsins.

Þetta þykir nú að líkindum nokkuð mikið sagt, en þegar farið er að athuga orsakir og afleiðingar ýmsra viðburða þá kemur þetta svo óþvíralt í ljós að ekki verður á móti því mælt. Sterkur vilji er brot úr almættinu stendur einhverstaðar, og reynslan er margbúin að sýna og sanna að það er rjett. Þarf ekki annað í því efni, en að benda á dæmi ýmsra merkra manna til að sýna hvað sterkur og staðfastur vilji fær fil leiðar komið. Þetta hefðu allir gott af að athuga og festa sjer í minni, því deyfðin og viljaleysið er öllum hið mesta mein, og er dvepandi fyrir alla sanna menningu og framfarir. Einn glöggur og gætinn maður hefir sagt, að ætti hann eina ósk Íslendingum til handa, þá skyldi hann óska þeim meiri stefnufestu og sterkari vilja,

er það víst alveg rétt athugað hjá honum. Því ég hygg að fjöð vera vanti fátt tilfinnanlegar en einmitt þetta. Það er ekki óalgengt að sagt er þegar einhver verður fyrir óhöppum, svona er þeg ar illa á til að vilja. Þetta er alveg einstakt ólán. En ekki eru allar syndir guði að kenna, það eru ekki allar utanaðkomandi og óviðráðanleg ástæður sem valdandi eru að óhöppum og óláni manna, heldur er það blátt áfram óframsýni og forsjáleysi að kenna

Reynslan virðist staðfesta það, að: hver byggur eins og hann hefir um sig búið, og reynslan er samleikur. Það fer ekki hjá því að sá maður sem er duglegur og á þau hyggindi sem í hag koma, kemst yfirleitt vel áfram. En aftur á móti verður annöðrum og ónytjungurinn aldrei nema hálfdrættingur á fjöðarfleitum. En af hverju munu eru svo ólíkt úr garði gerðir er ekki gott að segja, enda sýnist ekki öllum á eina veg um það hvað móti mest skapslindi og hæfileika mannsins.

„Fjöðungi bregður til fósturs": sögðu forfeður okkar, og hafa þeir sjálfsagt vitað hvað þeir töluðu í því efni, það virðist líka sem þeir hafi lagt meiri vægt við það mál en nú gerist. Frh.

Helgi Guðmundsson

Skjalasafnið Ísafirði

Ingjaldur.

4. bl.	Álfadal 24. nóv 1922.	13. árg.

Framför eða afturför. —

Á þessum síðustu tímum hefir allmikið verið um það talað, að ungmennafjelagsskapurinn myndi heldur í afturför að ýmsu leiti: Fundarhöld minni heldur en áður gerðist, ýms störf heimanfyrir og útá við minni og fábreyttari, og yfir höfuð væri áhugi og þátttaka í fjelagsmálum á hverfandi hveli. Og viðleitnin til að glæða fjelagsanda og stuðla að samvinnu væri sáralítil.

Að hve miklu leiti þessi skoðun er á rökum bygð, er ekki gott að dæma um í flýtu bragði. Til þess þarf bæði náin kynni og nákvæma athugun á fjelagsskapnum í heild sinni. Svo og líka að hafa rjettan skilning á tilgangi hans og viðfangsefnum. En á þessu hygg jeg að sje mikill skortur á hjá yfirgnæfandi meirihluta fjelagsmanna, og þá að vonum hjá þeim sem utan við hann standa. Því er svo stutt að reita að fjelögin hafa þegið margra hnútu og oft verið ráðist á þau að ástæðulausu,

Skjalasafnið Ísafirði

aðeins af heimsku og hleypidómum að fordæma nýjar hugsjónir, og skilningsleysi þröfum og sjálfsögðum kröfum æskulýðsins, að beyta kröftum sínum og hæfileikum á sem flestum sviðum og vinna að því að verða nýtir og hugsandi menn. Því að þessi félagsskapur getur verið og er skóli fyrir meðlimi sína ef vel er að farið. En að sjálfsögðu er það undir hverjum einstaklingi komið, hvað mikið gagn hann hefir af þátttöku sinni í honum.

Það eru margir sem ganga með þá skömm meinloku í höfðinu, að þeir geri það ekki fyrir sjálfa sig nema þá að mjög litlu leiti, að vera meðlimir þessa félagsskapar. En finnst það vera hálfgert ak eða leiðinleg skyldukvöð að framkvæma þá ekki sje nema það allra nauðsinlegasta í hans þarfir. Þetta hygg jeg að sje ein af aðal-orsökunum fyrir áhugaleysinu sem svo oft hefir verið nefnt. En þetta er sprottið af skilningsleysi á starfsemi hans og tilgangi. Oft hafa nú heyrst raddir um að tilgangur ungmennafjelagsskaparins væri nokkuð ólýs og óákveðin, og ávöxturinn af starfsemi hans mjög vafasamur. En starfsemi hans er að mestuleiti hugrænn, svo að ekki verður lagður neinn vanalegur mælikvarði

Skjalasafnið Ísafirði

á árangur þann sem af starfi hans kann að verða.
Ó̈fað má fullyrða að hann hefir nú oft verið metin
heldur lítils virði, vegna þess að það hefir verið í fremur litlum
metum sem ekki gefur eitthvað það af sjer sem í askinn
verður látið. En þetta er nú fölskvalaust að breytast. Mótspyrna
sú er fjelögin hafa mætt er ódum að minka, því augu
manna eru farin að opnast fyrir nytsemi þeirri sem
þau hafa í för með sjer, ef rjett er að farið. En þegar svona
vaxið hefir ámunst, ætti það að vera hvöt til þess, að starfa
af en meiri kappi og áhuga að fjelagsmálunum en
áður. En – því miður – er jeg hræddur um að ordrómur sá
er jeg minntist á áður, muni ekki með öllu ástæðu-
laus. Er það illa farið, eftir að hann er búinn að lifa
svo lengi og hefir fengið fast skipulag, og ekkert sýnist
því til fyrirstöðu að hann geti starfað áfram í fullu
fjöri. Þó jeg væri lítt kunnugur ungmennafjelögunum
og starfi þeirra fyrir einum áratug síðan, þá finst
mjer annar andi svífa þar yfir vötnunum, nú heldur
en þá, eftir því sem jeg fæ best sjeð. En ekki er nema
eðlilegt að starfsemi fjelagana taki breytingum
eftir því sem reynslan sýnir hvað hepsilegast er og
best á við á yfirstandandi tíma, og er alls ekki
rjett að álíta þær tóma afturför. Það hefir viljað
brenna við að fjelagsstarfsemin væri nokkuð bláþráðótt,

því skilirðin fyrir henni eru ekki altaf jafngóð, stundum kemur eitthvað sem hleypir fjöri og lífi í félagsskapinn, en í annan tíma virðist hann með litlu lífsmarki. Til þess eru sjálfsagt margar orsakir. Fyrst er ekki allir tímar ársins jafn vel fallnir til starfa, og svo virðist það allmikið undir því komið hversu mikil áhrif og samgöngur eru á milli félaganna. Þess vegna virðist það mjög nauðsinlegt að þau hafi meiri samvinnu hvert við annað, starfið verður með því móti fjölbreyttara og viðtækara, og læra hvert af öðru margt það sem betur má fara. En hinar andlegu samgöngur á milli þeirra eru altof litlar, en vegna þess er hætt við því að starfið verði of einhliða og formfast.

Úr þessu hefir nú dálítið verið reynt að bæta með fyrirlestrum, samkomum og öðru slíku, en betur má ef duga skal, þyrfti að gera meira að því en verið hefir. Það þarf að legga kapp á alt það sem félögunum má að gagni verða, svo að starf þeirra verði ekki kyrkingsgróður köldra vordaga. En þau hljóta að eiga framtíð fyrir höndum, því að:

„Ef æskan vill rjetta sjer örfandi hönd,
þá ertu á framtíðarvegi!“ —

Helgi Guðmundsson.

Skjalasafnið Ísafirði

Forlög og frivilji.

niðurl.

Að öðrum kosti mundu þeir ekki hafa komist eins langt á veg í líkamlegri og andlegri atgjörfi eins og raun bar vitni um. Því eflaust má fullyrða, að það vegan-esti sem hverr maður fær í æsku, hefir æfilangt sína þýðingu hvort sem það hefir verið gott, og haft heillaríkar afleiðingar eða verið skaðlegt og haft böl um í för með sjer. Það er nú kanski dálítið komið frá efninu, en þegar á að ræða um hvað helst hefir áhrif á forlög eða lífskjör manna þá kemur svo margt til greina og ekki síst þetta sem jeg minntist á.

„Hver er sinnar gæfu smiður", segir gamall máls-háttur, má það eflaust til sannsvegar færast að nokkru leiti. Reynslan virðist fyrir löngu vera búin að staðfesta það, og er daglega að því. Þó aðstaður manna sjeu ólíkar að nokkuleiti, t.d. sumir ríkir en aðrir fátækir, þá er það ekki nema eðlilegt af því að störf manna eru svo afarmismunandi. Hlýtur það að fara eftir því hvað starf menn leggja fyrir sig, því eins og allir vita er það svo mismunandi hvað þau eru arðsöm, og einshvað hvað mikinn tíma og erfiði hvert þeirra útheimtir. Það mætti nú ætla að flestir mundu kjósa þá stöðu sem væri hagust en

Skjalasafnið Ísafirði

gæfi það jafn framt mest í aðra hönd. En það eru nú ekki allir svo skapi farnir að hugsa mest um það. Sumir fara mest eftir því sem þeim er hugþekkast, og best er í samræmi við áhugamál þeirra, og er það nú víst hyggilegasta valið. En hjá öðrum ræður það mestu, hvað hag og arðmikil staðan er, en síður hitt hvað á best við hæfileika þeirra og þroska. Aftur á móti virðist tilviljun ein ráða því hvar saumum lendir, en ekki vilji eða fyrirætlanir þeirra sjálfra. En um þetta alt má deila um á svo marga vegu, því þetta er svo yfirgripsmikið mál, og í því felast hvorki meira nje minna en hver gagnólíkar lífsskoðanir. Mætti segja um þetta eins og komist er að orði um annað efni, að

„fræðslan nær hjá mönnum ekki neitt,
og margfald reynsla jafnvel ekki heldur". —

Helgi Guðmundsson,

Skjalasafnið Ísafirði

Ingjaldur.

1. bl.	Ísaföld 7. jan 1923.	14. árg.

Hugleiðingar,
við nýjárið 1923.

„Ár er liðið, dropi í úthaf alda
er að falla meðan klukkan slær
yngis ár, sem brýst nú beint til valda
berðu oss alla spölkorn sólu nær"!

Svo kveður eitt af hinum yngri skáldum okkar Íslendinga við ein áramótin. Og í raun og veru er það svo, að hvert árið er sem lítill dropi í hinu mikla úthafi tímans; enda þótt að sá dropi sje í raunini stór og þýðingarmikill, sje miðað við hina stuttu tímaeiningu er við köllum mannsæfi. Áraskiftin hljóta altaf að vekja athygli okkar, eins og löng málhvíld í upplestri; — við hlustum og þráum, hlustum eftir óm liðinnar tíðar og þráum að heyra fótatak framtíðarinnar.

„Hlustar hún, hlusta þjóðir,
hlusta heilheimar, hlusta upplesalir;
hlustar hvert hjarta, þrá að heimi breyta
ein óþrotleg, ódauðleg þrá".

Kveður hjartsýnis þjóðskáldið Matthías Jochumsson. Við hlustum

Skjalasafnið Ísafirði

eftir hljóðbylgjum lífsins, og þráum að heyra ádaudlega
tóna. Fullnæging þeirrar þrár er: – sigur lífsins?
Margvíslegar kendir hljóta að gera vart við sig hjá öllum
hugsandi mönnum við áramótin. Endurminningar koma þá
fram í huga blandað að framtíðarvonum. Reikningsskil
eru þá gerð í hinu almenna viðskipta og félagslífi; – og gott
er þá að geta reynst skilamaður. En fleiri reikningsskil
eru til en þau er fjalla um hið efnislega, eða viðskiftin við
menn og maga.

Jeg á hjer við hin andlegu viðskifti, hin andlegu reikningsskil einstaklingsins, – úttekt og ~~íb~~ innlegg í lífsins sjóða; eða með öðrum orðum, hvernig einstaklingnum hefir tekist að ávaxta lífspundið sitt, er honum hefir verið fengið til umráða. Og jeg hygg að þegar öllu er á botninn hvolft, þá ber engi siðar maður til að gera upp hin andlegu viðskifti, og gera reikningsskil raðsmennskunar á þar síðasta, þar sem við verðum þó altaf að viðurkenna andann æðri en efnið. Og víst er það, að afkoma einstaklinga og þjóða, er ekki minna komin undir því, hvernig farið er með hina andlegu kapitalika, hvort að þar er með hverju árinu sem líður, altaf látið vaxa eitthvað, sem á í sjer fólgið lífsgildi, eða hið gagnstæða að illgresinu sje leift að vaxa og jafnvel hafa nytjajurtirnar, eða það sem korfir fram og til bóta fyrir mannlífið.

Skjalasafnið Ísafirði

Hlíf nýlidna ár mun verda ad teljast eitt af hinum örduga árum í öllu er líkur ad gjeningalegu vidskiptunum. Efnaleg afkoma badi einstaklinga og þjódarinnar í heild mun nú vera med erfidasta móti, og veldur þar andvirkad ad nokkru leyti hinn mikli ördi og sveiflur (vidskiptastrid) á heimsmarkadinum undanfarin ár.

Ég jeg ætla ekki ad gera efnahagsreikninga þjódarinnar okkar ad umtalsefni hjer, lat dagblödin um þad. Hitt hafdi jeg hugsad, ad fara nokkrum ördum um þad málefni, sem mjer finnst ad grípi svo mjög inn í andlegt líf þjódarinnar, og gefur um leid sídasthlidnu ári ljóst einkenni, - ad minnsta kosti þegar saga þjódarinnar verdur ritud yfir þad tímabil. Jeg á hjer vid medferd íslenska stjórnarvalda og alþingis á sjálfsákvördunarrjetti hins unga og fullvalda íslenska ríkis, þegar stórþjód sudur á Spáni, sem telur 20 miljónir íbúa, segir okkur smáþjód, sem telur ein 90 þúsund íbúa vidskiptastrid á hendur. Og rjettist þar framt um á lögfestan grundvöll í einu mesta sidferdis og velferdarmáli þjódarinnar okkar, — bannmálinu.

Menningarsnauð stórþjód gerist svo frek í vidskiptakröfum, ad ætla sjer ad kúga sonáþjód til ad fraðka á sjálfsákvördunarrjetti sínum, - eda med ödrum ördum: gera tilraun til þess ad fá okkur Íslendinga til þess ad dæma sjálfa okkur, sem ómynduga þjód í löggjafarmálum.

Skjalasafnið Ísafirði

Og öllum er kunnugt ad þeirri fullnaud lauk þannig, ad sjórn og löggjafarsamkoman íslenska veitti ekki vidnám, en lét fallast á kúgunar tilraun Dana verja; og gekk þar med útlenda og menningarsnauda stórþjód na' þangad á sjer í sidferdismáli.

Mem kynnu nú ad hugsa, ad þetta mál snerti ekki svo mjög vidþangsefni okkar ungmennafjelaga, ad þess gerist þörf, ad taka þetta mál til athugunar innan vjebanda okkar.

En þá er þess ad minnast, ad eitt af grundvallaratridum fjelagsskapar okkar, er skýlaus afneitun á þengis; þar hlid á ad medferd þessa máls, er hjer um rædir, er tvödkun á sömum þjódrædnis tilfinningum, sem vid viljum þó vona ad ekki sjeu med öllu aldauda medal þjódarinar. — „Allt fyrir Ísland!" — hafa ungmennafjelögin valid sjer ad einkunarordum, og med því lýst yfir, ad alt vilji þau vinna til heiders og sjálfstædis landi sínu og þjód. Og jeg veit ad þar sem sannur ungmennafjelagsandi lifir og þar ad njóta sín, þar er unnid í anda þessara einkunarorda: — Allt fyrir Ísland. —

Framh.

Bjarni Ívarsson.

Skjalasafnið Ísafirði

„Ekki verður bókvitið í askana látið".

Það kemst allir að sjálfsögðu við þennan málshátt, því hann er afagamall húsgangur. Enginn veit um aldur hans eða uppruna eins og flestra spakmæla okkar og málshátta. Þeir skapast á líkan hátt og þjóðsagnirnar, og lýsa eins og þær hugsunarhætti og andlegu lífi þjóðarinnar á þeim tíma sem þeir skapast á. Það er fljótsjeð að ekki muni hafa verið byrt yfir þjóð vorri þegar að þessi málsháttur varð til. Því andlega líf þá skrið-ugt og fásæklegt, verklegar framkvæmdir og störf lítil, en þekking og umbótaviðleitni því minni.

Það hafa oft heyrst raddir um að skólanám og bókleg fræði væru lítt samrýmanlegt daglegum störfum, og því sýnist talið hugsanlegt að það gæti orðið að gagni í dag-legu lífinu með því að auka þekkingu og skilning á fljótari og betri vinnubrögðum og sýnsu öðrum er að gagni mætu verða. En þetta er auðvitað sprottið af fáfræði, skilningsleysi og fastheldni við gamlar og úreltar skoðanir.

Skjalasafnið Ísafirði

Verklegar framkvæmdir mundu hafa verið meiri, og bjartara yfir hinu andlega lífi, ef lögð hefði verið meiri ræktarvið bóklega fræði og menningu en gert hefir verið. Þessu til sönnunar þarf ekki annað en benda á þær framfarir sem orðið hafa á síðari árum á mörgum sviðum. Hvað er það annað en ávöxtur aukinnar menningar?

Það hefði engum gagn af lífsreynslu þeirra kynslóða sem löngu eru gengnar veg allrar veraldar, ef hún færi í gröfina með þeim. En þar koma bækurnar til hjálpar, þær eru milliliður á milli miðjunnar og fortíðarinnar. Í þeim geymist það sem kynslóðirnar hafa lært í lífsins skóla, til að það geti greitt götu eftirkomendanna, og veitt þeim greiðari aðgang að þeim gæðum sem lífið hefir að bjóða. Reynslan er seinfengin og dýr lærdómur; þeim sem er á byrjunarstigi og verða að þreifa sig áfram án þess að hafa nokkra fyrirmynd og hafa orðið „hyggnari af skaða þótt fræðslan væri dýr. En reynslan kemur þeim ekki að bestum notum sem afla hennar, heldur þeim sem geta lært af reynslu annara og notfært sjer hana sem best. Þarna getur bókvitið komið að góðum notum, og má beinlínis segja að það verði látið í askinn, með því að veita oss fræðslu um nauðsinlega hluti. „Meira vinnur vitið en strit", segir gamall málsháttur, og má á því sjá, að altaf hafa þó einhverju viðurkennt gildi menningarinnar. Það hjóta

Skjalasafnið Ísafirði

allir að viðurkenna, að betra er að fara eftir þekkingu og reynslu sem búið er að afla, það hefir altaf reynst betra en að verða berjast með hnúgum og hnefum við þá óvitugleika sem maður skapar sjer oft með skammsýni og hirðuleysi.

En það er svo oft gert með því að hirða ekki um að afla sjer þekkingar á því sem hverjum manni er naudsin-legt að vita, eins og því að kynna sjer ekki nógu vel það sem hver einstaklingur ætlar að gera að atvinnu sinni. En það er fölskvalaust almennt álit að óþarft sje að afla sjer þesskonar fróðleiks, og það sje meira gert af fordild og hjegómaskap en nokkurri naudsin. Komist þetta víða fram, t.d. er það víst nálega þjóðtrú að búfræðingur geti ekki búið, og fleira mætti nefna þessu til sönnunar. En margt mundi ganga betur, og fást bót á mörgu sem aflaga fer, ef hver einstaklingur þekti starf sitt til hlýtar og vissi þar af leiðandi altaf hvað best ætti við. En vanti þá þekkingu er hætt við að sama aðferðin eða formið sje altaf haft, þótt það fyrir löngu hafi reynst óhafandi.

Það hlýtur allir að sjá og viðurkenna að þekk-ing er fyrsta og helsta skilyrði fyrir sannri velmegun og fram-förum, því undanfarningar lausir komast þeir best áfram sem hafa þekkingu og skilning á starfi sínu. En yfirleitt gera menn sjer mjög lítla grein fyrir þessu, af fávísi og hirðuleysi aðkyma sjer nýjar leiðir, og breddufestu við gamlar og úrelfar skoðanir.

Skjalasafnið Ísafirði

Framfarir þar sem orðið hafa á síðari árum eru ekki öðru að þakka en aukinni menningu, síðari bóklegri og verklegri þekking, fyr að breiðast út frá skólum og einstökum mönnum. En þetta hefir fullkomlega lifið að segja meðan að þetta getur ekki orðið almenningseign, meðan allur fjöldi manna getur ekki eða hirðir ekki um að afla sjer nauðsinlegs fróðleiks, er að gagni má koma í daglega lífinu.

En það virðist talsvert ábótavant í þessu efni, sjerstaklega þá hvað búnaðurinn og landbúnaðinn snertir. Eins og öllum er kunnugt þá hefir hann verið aðalatvinnuvegur þjóðar vorrar alt til þessa tíma. En jafnframt er víst óhætt að segja — því miður — að hann hafi lengst af verið illa og óskinsamlega rekinn á ýmsan hátt, með ófullkomnum verkfærum og þekkingarleysi á honum í mörgum atriðum. Það er sýnilegt að hann þarf að taka breytingum frá því sem verið hefir og nú er, ef hann á að geta staðist samkeppni við aðra atvinnuvegi sem ef til vill gefa meiri og fljóttekinn arð. En til þess þarf þekkingu, bóklega og verklega þekkingu, með öðru móti verður ekki bætt því sem umbóta þarf en að þekkja hina rjettu aðferð til þess. Því hljóta allir hugsandi menn að viðurkenna það, að sönn menning, nóg úrval og staðgóð þekking er hverjum manni ómissandi, og að hún er til allra hluta nytsamleg. ~

Helgi Guðmundsson ~

Skjalasafnið Ísafirði

Lesturs.

Það heyrist stundum sagt að hann eða hún lesi reyfaremandi, og er það að vísu satt, að margir geta lesið viðstöðulítið áfram, — en það, útaf fyrir sig, er alls engin sönnun fyrir því að hlutaðeigandi kunni að lesa. Fjöldi manna les, án þess að lífi eða kjarni þess, sem lesið er komi í ljós, — og það er aðalgallinn á lestrarkunnáttu svo margra.

Markmiðið er oft líkt við veg, enda er ýmislegt samskatt með þeim; — en maðurinn hefir þó mikla yfirburði yfir vegina, sem gerir samanburðin nyög fráleytan, að hann getur: hugsað, falað, ályktað, fundið fil o.s. frv.

Það er mikill galli hvað lestrarkenslunni hefir verið, og er ábótavant. Börnin hafa lært að lesa eins og páfagaukar, án þess að hugsa um eða skilja það sem lesið er. Má þar t.d. taka kverkenslunna, biblíusögulestrinn o.fl. Framreiðslan á þessri andans fæðu er flestum kunn, — andlaus þululærdómur án þess að skilningur eða tilfinning væru meðverkandi. Aðal áherslan lögð á það, að muna

Skjalasafnið Ísafirði

helst hvert orð, en klaufir yfir kjarnan. Hvað gradum við á því að líta aðeins áumgerðina, en ekki á sjálfa myndina? Slík kensla þroskar hvorki hugsun nje dómgreind. Að kunna að lesa er list, sem er þess verð að lögð sje meir rækt við hana en verið hefir. Við eigum mikið af góðu efni á okkar tungu, bæði í bundnu og óbundnu máli, en við kunnum ekki almennt að fara með það, án þess að skemma það á einn eða annan hátt, þannig verður gott efni oft fyrir rangri meðferð, — gullið fær ekki að njóta sín. Kensla í lestri verður að breta; skólarnir verða að leggja hönd á plóginn. Einkum ern barnaskólarnir sjálfsagðir að leiðbeina í þessu efni, sem öðru. Sú leiðbeining átti svo að halda áfram í alþýðuskólunum og svo stig af stigi. Myndi þeim þá öðrum fylgja, er gætu öðrum lesið í heyranda hljóði bestu kaflana úr bókmenta-búri þjóðarinnar án þess að misþyrma efninu eða hugsuninni í þeim, og aukið bæði sjálfum sjer og öðrum ánægju með því.

Átti að endurbætt kensla í lestri yrði ekki til þess að auka eftirtekt og hugsun manna um innihaldið í þeim ritum, sem alþýðunni berast? Jeg vona það. Jeg held að það yki mönnum líka dug til þess að reka á dyr þá andlausu fáfræði og vónandi rusl, sem stundum hefir vaðið uppi með helst til mikilli frekju. — Og ef það yrði til þess að skerpa dómgreindina og leiðbeina mönnum í bóka-

Skjalasafnið Ísafirði

vali, — og jeg efast ekki um pað. Þó á veri vel farið. ~.

Bjarni Þórarinsson.

Skemtiefni.

Frá því fyrsta að vjer höfum sagnir af mannkyninu, sjáum vjer líkan vott þess að það hefir valið sjer ýmis skemtiefni, til þess að lyfta hugarinu upp úr því hversdagslega, og hvíla hann við hversdags viðfangsefni. Það virðist því vera manninum meðfæddur eiginleiki að þurfa að hafa eitthvað sjer til skemtunar.

Mjög hafa verið og eru mismunandi þau skemtiefni sem þjóðirnar velja sjer, og fer það eftir andlegum þroska þeirra. Það gefur því verið glöggur prófsteinn á menningu þjóðanna hvað þær skemtanir að þær velja sjer helst.

Jeg tek til dæmis nautaatið á Spáni. Útlendum skyldi detta í hug að álíta það þjóð sammenfað, sem hefir slíkt fyrir þjóðarskemtun? Nei, — það dettur engum í hug. Enda er þetta einhver ljósasti votturinn um menningarskort Spánverja. Jeg vil nú í fám dráttum líta á það sem oss er, skemtiefni okkar Íslendinga.

Skjalasafnið Ísafirði

Vjer Íslendingar erum ekki vid eina fjölina feldir í þeim efnum. Höfum margar og margvíslegar skemtanir sumar gódar en adrar lélegar og ef til vill óhafar. Skemtanir forfedra vorra voru ad vísu ekki mjög margbrotnar, en þá höfdu þær sitt gildi, ad gledja og hressa þá sem þeirra nutu og gera þeim skemtistundir sínar sem ándegisverkastar. Helstu skemtanir þeirra voru: glímur og knattleikur og ýmsar adrar úti íþróttir, og sídast en ekki sýst sagnalistin sem mjög var nofud til skemtunar. Sagnalistin var ein af helstu skemtunum forfedra vorra á þingum og öðrum stærri samkomum. Þannig lifdu sögur og munnmæli öld fram af öld á vörum þjódarinnar uns þær voru festar á letur. Med þessum lid skemtana sinna hafa forfedur vorir veist sjer ódaudlegan minnisvarda og eftirlátid afkomendum sínum arf sem gulli er dýrmætari. Nú getur hin upprunalega kynslód nofid himnasömu skemtunar og forfedur vorir á sögualdinni med því ad lesa fornsögurnar. Þetta er hægt ad segja, ad er sönn og vanaleg skemtun og gulli dýrmætari fyrir einstaklinginn og þjódina.

Skemtiefni vor hafa ad ýmsu leiti breyst frá því sem áður var, en hvort val þeirra hefir verid í ýmsu hlutfalli vid vagsandi mentun og menningu, það getur verid álitamál. Jeg er þeirrar skodunar ad svo sje ekki. Ekkur hættir vid ad vera um of áhrifagjarnir, grípa alt sem nýtt

Skjalasafnið Ísafirði

er hún nýjung úr vegi þar í gamla, þó ef til vill standi í engu hinu að baki. Vjer höfum í þessu efni orðið svo mjög fyrir utanaðkomandi áhrifum frá nágrannaþjóðum vorum, og þar fyrir nýmæli úr vegi ýmsum þjóðlegum skemtunum, en leikið í þeirra stað dans og aðrar gjelegar og miður heppilegar skemtanir. Jeg nefndi þarna dans þar jeg tel hann alls ekki þjóðlega skemtun og varla samboðna akkúr Íslendingum.

Jeg ætla nú samt ekki að fara að víta dansinn á nokkurn háttt, þar oft hefir hann skemt mjer greyjið. En hann gerir það sjálfur hjá þeim sem nokkuð þekkja til hans, og fellur úr sögunni með tíð og tíma þar hann veitir ekki þá sönnu og varanlegu ánægju sem mannsandinn þarfnast og þráir.

Aftur er önnur útlend skemtun sem jeg vil fara um nokkrum orðum. Það eru hinar svo kölluðu Kvikmynda-sýningar. Skemtun þessa get jeg þar miður ekki dæmt um af eigin reynslu þar jeg hefi ekki verið á hverjum sýningar. Verð þar að láta ímyndunaraflið mitt ráða hvern dómurinn verður yfir þessum. En skemtun þessi hlýtur að hafa talsvert til síns ágætis, það dylst mjer ekki. Þar sem er hægt að draga fram ýmsar myndir mannlífsins, og sína áhorfendunum hvernig atburðirnir skeðu. En jafnframt finn jeg að hjer getur verið um fríliða skemtun að ræða, á annan veginn glæsilegustu og göfugustu sagnir

Skjalasafnið Ísafirði

og viðburði, en á hinn veginn sagnir sviks og prettu og hinna hryllilegustu viðburða. Það er þar í augum upp að þessi áhrifaríka skemtun getur átt sinn þátt í að móta hugsunarháttt manna einkum hinna yngri. Mjög er þar varhugavert að óþroskaðir unglingar sækist eftir slíkar samkomur nema fullvíst sje að þeir mæti þar góðum áhrifum. Enda hefir það komið í ljós, að það hefir leitt til skaðlegra áhrifa. Mjer dettur í hug atburður sem skeði í höfuðstað okkar, ekki alls fyrir löngu.

Drengir nokkrir urðu uppvísir að þjófnaði. Einn drengjanna var spurður að hvað hefði komið þeim til að gera þetta. Drengurinn svaraði: „Jeg fór aldrei eins að og jeg sá þjófinn gera á „Bíó" um daginn". Þarna er eitt dæmi. Og svo geta fleiri átt sjer stað.

Það ætti því að vera heilög skylda þeirra manna, sem hafa með höndum þessar kvikmyndasýningar, að sýna ein-göngu þær myndir sem hafa góð og göfgandi áhrif. Ef svo væri dylst mjer ekki að skemtun þessi gæti verið í fullu hinna bestu menningarmeðala. Vel getur nú verið að óþarft þyki nú að minnast á þetta í okkar fámenna þjóðfjelagi. En látum svo vera. Að endingu vil jeg nefna þær skemtanir sem jeg hugsa að sjeu hepplilegastar fyrir okkur dalbúana því ekki getum við verið án skemtana fremur en aðrir. Jeg tilnefni: söng, fyrir lestra, upplestur kvæða og sagna, smá leikrit og ýmsa aðra

Skjalasafnið Ísafirði

leiki, og þá helst útileiki, þeir eru hollir og styrkjandi á
okkar heilnæma sveitalofti. Já, — góðir félagar. Haldið vel
saman eftir megni, leggjum ekki árar í bát þó okkur finnist
hann ekki eins fullkominn sem skyldi og okkur þráð heilagt
Sýng í hverjum sínu nefi þegar annars er ekki kostur.
Það sameinar hugina, styrkir bræðraböndin, glæðir félags-
andann og gerir oss fúsari að starfa sem einn maður
að velferðarmálum félags vors og þjóðarinnar. Því að
„hin fíflu sönglist leiðir á lífið fagran blæ", segir skáldið.

Jón Jónsson.

Skjalasafnið Ísafirði

Ingjaldur.

1. bl.	Ísafjarðarkaupstað 6. jan 1924.	15. árg.

Ingjaldssandur.

Oft hefir þess verið getið og um það rætt, hversu erfitt væri að búa hjer á Ingjaldssandi. Þetta er að vísu satt að nokkru leiti, en þegar það er skoðað frá öllum hliðum þá verða erfiðleikarnir ekki eins margir eða tilfinnanlegir, eins og þeir virðast í fljótu bragði. Mest hefir verið farast úr af því hve erfitt væri til að draga, en að draga í þeirri merkingu sem oftast eða altaf er átt við, er fluttningur matvæla og fleyri naudsinja úr kaupstað. Slíkar kaupstaðarferðir eru að allega farnar haust og vor um land alt, nema þar sem kaupstaðurinn er stutta bæjarleið í burtu.

Að vorinu byrgja bændur sig af matvælum til sumarsins, svo að þeir þurfi ekki að hefja sig frá heyvinnuni. Þá fúsir þykir af dýrmætur tíð þess að eyða henni í óþörf ferðalög. Að haustinu sækir bóndinn vetrarforðan, því Ísfjörður og Hæri eru oft orðið þungbýnir um vetrar tímann, þykir ekki ráðlegt að eiga undir dygð þeirra ef annars er kostur. Þessar ferðir eru oft erfiðleikum bundnar, einkum haustferðir.

Skjalasafnið Ísafirði

Víða þarf að fara yfir sjóvar ár sem ekki eru sem áreiðanlegastar eftir haustrigningar. Fleiri dagleiðir þarf að fara, oft yfir hálfgerðar eða algerðar vegleysur, en haustveðráttan er oft breytileg, svo að ósjaldan munu þessir ferðamenn eiga að eiga við storma, stórrigningar og hríðarbilji. Hvað mundu Landnemasegja um slíka ferðalög ef þeir ættu við slíkt kjör að búa? Efli þeir vildu skifta að öðru jöfnu? Ég er hræddur um að þeir kjósi heldur sjóleiðina um á Flateyri.

Ekki verður því neitað að oft er sjórinn óskyr hjer við landið, en oft er hann þó kyr, og myer finnst að fremur ætti að haga ferðum eftir veðráttu en vissum tíma eða eða dögum þegar úti eru allar aðrar haustannir. Efli að það geti ekki farið vel á því að draga að sjer verkafólk fyrir fólkið, næst á eftir heyföngunum? Um og eftir sjeftir má oftast fara ferða sinna, en illfært um skammdegið.

Það mun mörgum finnast að ég tali mannalega, þegar ég minnist á að byrgja sig upp til vetrar, því flestum hjer þykir sín ferð gáð þá í þeirri haustferð einhvern þyrring til nýjárs.

En má ég þá spyrja? Erum við hjer, sem slöttum þá án sveitarstyrks, svo miklu þáttakari en þeir sem búa langt upp til sveita og faldir þar þátttakir, mjög þátttakir jafnvel þá sveitarstyrk, en fara þó ekki nema tvær ferðir um árið til matvæla kaupa? Fleiri munu þó skulda en Sand-

-menn og nágrannar þeirra. Ekki að þetta sje ekki kaupstaðarvenjan, sem þarinn er að leðast inn í sveitirnar sem nastlyggja, venjan eða löngunin að sækja bara í máltíðina eða út í kömuna.

Hjeðan til kaupstaðarins er sjóleiðin aðeins 1½–2. tíma vöktur, enda mundi þeim sem langt búa upp til sveita finnast það leikur einn. Hjer er kvartað undan brimi og ógæftum haust og vor, sem að aldrei gefi að stunda vötna að staðaldri. Fyrir ekki allöngum tíma, hjer á Sandi útvegi, og munu þá nokkrir hafa verið hjer aðkomandi viðróðra. Nú er ekki hægt að fá sjer í soðið. Hvað veldur? Er sjórinn farinn að ákyrrast skyndilega frá því sem áður var, eða er hann eða hefir verið of ófinn fyrir nútíðarmennina – eða mennin-
-ingunar?

Menn sem stunda sveitabúskap eru nefndir bændur, en flestir sem heima eiga á Sandi og giftir eru, þeir eru líka bændur. Stunda sveitabúskap en ekki fiskiveiðar, enda freysta meira á búskap en fiskiveiðar eða sjáfarútveg.
Hjer finst því að bændur ætlu ekki svo nje óg að kvarta undan ógæftum. Lyggur nær að líta á hin fiskisælu mið sjeð við landsteinana sem blunandi, er menn nyku er Sand byggja, þegar þeir menga breyða sjer frá heyskapnum eða heimilis-
-önnum. En það vill oft verða svo, að menn sem einhverra blunninda njóta, eru aldrei ánægðir með þau, þeir vilja fá að njóta þeirra í fylsta máli. Hvað landgæði snertir hjer

Skjalasafnið Ísafirði

á Ingjaldssandi; þá er ég samferða um að hann stendur ekki að baki öðrum byggðarlögum hjer nærlendis, þaðvitum kenna allir sem á þau minnast og einnig Landmenn sjálfir; en þá er líka mikið sagt. Víkurverki hjer á Landi er ekki mikið miðað við önnur nærliggjandi byggðarlög. Sjaldan mun taka fyrir beit sauðfjár eða hross á nema þegar úr höfi heyrir um land alt.

Fleira mætti telja upp sem Landinu prýðir og gerir hann aðlaðandi öðrum sveitum fremur, en ég vona að yngri og eldri sem Ingjaldssand byggja, og vilja athuga þessi atriði sem ég hefi bent á, komist að þeirri niðurstöðu að kostirnir verða fleiri en ókostirnir, — að,

Landið sjálft með sínum gæðum, og gæðum er glæsilegt sveit, sje hún notuð með dygð.

Því lofum og vegsömum herrann á hæðum, sem hefir oss gefið svo fjöllótta byggð. ~.

Einar Guðmundsson.

Skjalasafnið Ísafirði

Á Helgafelli

Það þykir altaf sjálfsagt að skoða þá staðina einhverjar sögulegar minningar eru tengdar við, þegar að fakiferi til þess gefst. Mannin finst ósjálfráttt eins og minn-ingar þeirra viðburða sem þar hafa gerst stefji sitt sjerstaka mark á þá, og að andi þeirra manna sem þarna hafa lifað og starfað hljóti að svífa yfir þessum slóðum. Og þetta alt hefir einhver þau áhrif sem hugara er að ímynda sjer en að lýsa með orðum.

Eins og flestum er kunnugt þá er Helgafell einn slíkur sögustaður, það var til forna einn af hinum nafn-kendustu stöðum hjer á landi. Það var talið svo heilagt að þangað mátti engin óþveginn líta. Þar var bústaður hálfvalta sveitarinnar, og þangað fóru íbúar hennar eftir dauðan sögur segir sagan. Þeg ljet því ekki undir höfuð leggjast að skoða þennan stað þegar að tækifæri gafst. Það er eins og kunnugt er nokkuð langt frá sjó í miðri sveit alveg einstagt. Við lögðum nokkrir af stað frá Stykkishólmi og þangað inn eftir til að skoða þetta forna höfuðból Íslenskrar réttsnildar. Vegurinn þangað sýnist ekki vera mjög langur, en þegar komið var af stað reyndist hann furðu drjúgur því leiðin er fómarlaustir og hæðir. Eftir hálfs þriðja tíma göngu var áfanganum náð, eftir að hafa lent í miklum vegleysum og gegnum því engum

Skjalasafnið Ísafirði

vafada af þeim sem voru í förinni. Fyrst var farið heim að bænum, hann stendur afsíð undir fellinu, þar var okkur vel tekið, og eftir að við höfðum látið upp erindi okkar var okkur fylgt á þá staði sem merkilegastir þykja og sagt frá ýmsum gömlum munnmæla sögum sem þar lifa. Kirkjan þar er mjög falleg, einhver sú fegursta sem ég hefi séð, í henni eru ýmsir gamlir og merkilegir gripir eru sumir þeirra gjafir og áheit frá ýmsum mönnum þegar mikils hefir þótt við þurfa, enda var það algengt mjög að heita á kirkjur. Það í fyrinu er leið í Guðrúnar Ósvífsdóttir er því vel haldið við, því meðan það er gert á biskupsurinn hjá Helgafells bóndanum að ganga að óskum, en ef hann vanrækir það þarf hann einskis góðs að vænta.

Næst þessu var að ganga upp á fellið sjálft. Upp af bænum er það brattt en ekki mjög hátt og grasi vaxið upp á brún. Hver sem kemur þangað upp í fyrsta sinn getur óskað sjer hvers sem hann vill, en ekki má á leiðinni upp tala orð eða líta aftur ef það skal nokkurn árangur hafa. Hingað upp fór Snorri goði þegar að ráða þurfti fram úr einhverju vandamáli. „Þau ráð sem hjer hafa verið ráðin hafa síst að engu orðið" sagði hann. Útsýnið héðan er mjög fallegt og tilkomumikið út yfir víðlenda sveitina og óteljandi eyjaþyrpingar á firðinum. Og er við höfðum skemt okkur þarna allengi, fórum við í burtu með glaðar endurminningar frá þessum gamla sögustað. ~

Helgi Guðmundsson.

Skjalasafnið Ísafirði

Gleðin.

Gleðin prá býr í hverjum manni, þó að mörgum sje ekki ljóst að svo sje. Menn fullnægja þessari þrá alveg óafvitandi og óssjálfrátt með ýmsu móti, þó ekki sje um það að tala sem viði daglegu tali köllum skemtanir. Þetta kemur daglega fram með ýmsumóti í ótal atvikum. Þó því sje ekki að jafnaði veitt eftirtekt eða um það hugsað. Gleðin er hverjum manni lífsnauðsin alveg eins og ljós og loft, ef hún er holl og heilnæm, veitir sama ánægju og skemtilegar endurminningar, það hefir gót og batandi áhrif á hvern mann.

Lindir gleðinar eru óteljandi, eða öllu heldur skemtanirnar sem við köllum því oftast er hún nefnd í sambandi við þær, þó hana sje viðar að finna. Það virðist oft vera svo að fýska eða vani ráði oft miklum val skemtana eins og mörgu fleiru, en aðal tilgangurinn gleðin sjálf verður oft auka atriði. Nú er orðið svo háttað hjá oss, eins og allir vita, að skemtanirnar

eru eins og flest annað sem við notum til lífsins viðhalds að mestu leiti aðfengin varningur. Það líður út fyrir að við í því sem öðru höfum ekki getað unað við það sem gamla Frón hafði að bjóða, þó það hefði margt til síns ágætis fram yfir hitt, veitti miklu hollari og varanlegri gleði og væri auk þess miklu einfaldara og ódýrara. Sérstaklega tel ég það vera mikla afturför í þessu efni og mjög illa farið, hvað margt það er að leggjast niður og hverfa úr sögunni, ýmislegt sem haft var um hönd til gleðskapar og skemtunar heima an fyrir á sjálfum heimilunum, bæði sögulestur og margt fleira sem mjög studdi að sjálfstæðri hugsun og menningarviðleitni á sínum tíma.

Margt fleira mætti telja sem var öllum einstaklingum heimilana sameiginleg gleði og batt þá sterkari böndum hver við annan og heimilið en margt annað megnaði að gera. Þetta hefir verið einn þáttur in í sköpun sveitamenningarinar, og þýðingarmeiri en svo að hægt sje að gera grein fyrir því í stuttu máli. En með þessum hollu, þjóðlegu og einföldu skemtunum stendur og fellur margt það sem best hefir verið í þjóðlífi vors, og reynst hefir haldgott og heilladrýgst á liðnum tíma. En er nú þetta sem við höfum fengið í staðinn líklegt til

Skjalasafnið Ísafirði

að verða okkur eins mikils virði og það sem nýmt var íur vegi? Jeg held ekki.

Það er sýst undan því að kvarta, að nóg sje ekki til af skemtunum á boðstólum, og meira en það. Enn margar þeirra eru svo ómerkilegar, svo innantómar og ánægjulitlar, að mjer finnst, að furðu gegnir að nokkur skuli sækja þær, og þar að auki eru margar þeirra óhóflega dýrar. Þetta á nú að mestu leiti við það sem kallkast í kaupstúnunum, því þar er þetta skemtanafaraldur orðið svo óheilbrigt og umfangsmikið, að það fer langt út fyrir þann takmörk sem allri skinsamlegri og hóflegri gleði eru sett. Jeg ætla ekki að fara fleira þar upp eða lýsa þeim nánar, þetta er svo alkunnugt að þess gerist ekki þörf.

Enn er ótalin ein tegund gleði sem er hverjum manni þýðingarmeiri og nauðsinlegri en öllömur og það er vinnugleðin. Það er nú ekki óalgengt að hitta fyrir margann mann sem hefir farið á mis við hana, eða virðist ekki vita að hún sje til. Og til þess eru ýmsar orsakir. Margir vinna altaf án þess að unna sjer nokkurnstíma verulega hvíldar eða upplyftingar, og hugsa aldrei um það að „meira vinnur vit en strit". Þeim mönnum getur vinnan ekki orðið annað en þrældómur og ánægjusnautt strit og

Skjalasafnið Ísafirði

er það illa farið. Þessa gleði getur hver maður veitt sjer, því hún kostar ekkert og fæst alstaðar þar sem vel og skinsamlega er umið. Gleðin er eitt af því sem sýst má án vera „glaðr ok reifr skyli gumna hverr, uns sinn bíðr bana". segja Hávamál. Allir sýna einhverja viðleitni í því að reyna handsama eitthvað ofurlítið af henni, en aðeins á mismunandi hátt, sumir þykast finna hana alstaðar, aðrir hvergi alt eftir því sem menn eru. Þeir sem geta á rjettan hátt fundið gleðina geta með sanni sagt, að: lífið er gleði.

Helgi Guðmundsson

Mentun ~ menning. ~

Varla er um annað meira rætt nú á dögum en mentamálin, altaf hrópað um meiri mentun meiri fræðslu. Þetta er nú gott og blessað að vissu leiti, það sýnir að þjóðin þráir á gagnsemi hennar og bíst við að hún muni margra erfiðleika fást með henni. Og þetta er nú sjálfsagt að mörgu leiti rjett athugað. Því að aukin mentun, aukin þekking, eykur skilning og áhuga manna á

daglegum viðfangsefnum, hver sem þau annars eru nú. Í þessu augnamiði er nú eins og allir vita eytt miklum tíma og miklu fé eftir okkar mælikvarða, og er það nú sjálfsagt rétt að spara ekkert í þessu efni það sem að gagni má verða. En það er spursmál hvort að það sem fæst fyrir þetta, er eins mikið og æskilegt væri, og samsvarar því sem fyrir það er látið.

Það hafa margir verið þeirrar skoðunar, og þeim fer nú víst heldur fölgandi, að svo sje ekki. Að áranguer fræðslunnar sje hvorki eins né mikill eða glæsilegur eins og við mætti búast, eftir því sem til hennar hefir verið kostað bæði beint og óbeint. Og það er víst mikil ástæða til að ætla að þetta álit manna sje á fálsverðum rökum bygt. Menn eru farnir að sjá ýmsa galla á núverandi fyrirkomu lagi, en eins og vant er að vera eru allir ekki á sama máli um leiðirnar til að bæta úr þeim.

Þekking er vald, stendur einhversstaðar. Nú orðið eru víst flestir orðnir sammála um það að nokkur þekking sje nauðsinleg í hvaða stjett eða stöðu sem menn eru, til þess að komast betur áfram í heiminum. Bréf

Skjalasafnið Ísafirði

viðskiftalíf og lífnaðarhættir gera það nauðsynlegt að allir læri nokkuð. Tilgangur mentunarinnar er auðvitað sá að gjetta mönnum lífsbaráttuna og greiða öllum aðgang að gæðum lífsins. Og þetta er það sem skólarnir, hverju nafni sem nefnast, eiga að gera, að kenna fólki að lifa í samræmi við lögmál lífsins. Að ~~kenna~~ veita sama og notadrjúga menningu sem að gagni má koma í daglega lífinu, en ekki að vera berjast við að koma því inní í höfuðið á fólki sem það hefir ekkert gagn af að vita.

Við þurfum að fá sama og lifandi menningu, skóla fyrir lífið sjálft og Danir orða það. þrátt fyrir fjölbreytta kenslu mikinn lærdóm og marga skóla, þá kemur flestum saman um að laglega muni nokkurn tíma hafa verið stygglegra útlit að flestu leiti í landi vorru. Ef til vill munu nú sumir ~~eftir vilt~~ álíta að það komi þessu máli ekki verulega við hvernig núverandi kringumstæður og framtíðarhorfur eru, en þetta hlýtur altaf að verða áríðandi atriði. Stundum við ekki nú, vera að mörgu leiti betur staddir, ef við hefðum gefið meiri gaum að okkar innlendu og heimafengnu menningu

Skjalasafnið Ísafirði

í stað þess að vera elta erlendar tísku og tildur
sem svo mjög hefir verið gert nú á síðari tímum.
Okkar gamla og að mörgu leiti góða sveitamenning
er altaf að smáþoka út þar öndvegi sem hún hefir
skipað, fyrir útlendri „vellyst" sem „vafrar" - að
landi undir fölsku flaggi menningar og framfara,
hún hefir þalað betur íslenska stáðhætti en skáldið
grunaði. Við þurfum alstáðar að vera á verði
þar sem eitthvað það er að skjóta upp höfðinu sem
ætla má að geti orðið okkar innlendu menningu
hættulegt. Við Íslendingar erum faldir í flokki
menningar þjóðanna, og erum það vissulega að
sumu leiti; t. d. hvað bókmentir og annað þess
háttar snertir. En í verklegri þekkingu stöndum
við sjálfsagt langt að baki öðrum þjóð, í sumum
greinum, einkanlega hvað búnaðarhætti snertir. Það
á að vera eitt af aðal hlutverkum framtíðarinnar
að skapa traustan og samanna menningu í samvinni
við innlenda stáðhætti. Allir þurfa að vinna með
huga og hendi að öllum hollum og heilbrigðum fram-
förum, svo að þjóðin læri betur en nokkru sinni
áður „að elska, byggja og treysta á landið."

Helgi Guðmundsson.

Skjalasafnið Ísafirði

Ingjaldur. ~.

3. bl	Ísafjarðar 27. des 1924.	15. árg.

Eftirtekt. ~

Það hefir verið sagt, bæði að fornu og nýju að menn sjeu misjafnlega gáfum gæddir. Sumir eru stórgáfaðir, aðrir nauðheimskir, en ekki er það nú altaf rjett mælikvarðinn, hversu vitið er mikið eða lítið, þegar meta skal manngildi mannsins, hinar aðrar gáfur hans munu oftast verða þyngri á metunum.

Það eru ekki altaf gáfuðustu mennirnir, sem best komast áfram í heiminum, miðlungsmennirnir verða þeim oft hlutskarpari. Vitsmunirnir einir hrökkva skamt, ef aðrar gáfur sem ágætismennirnir - mikilmennin - eru gæddir eru þeim ekki samfara.

Það er aðeins ein af þessum gáfum, sem jeg ætla að minnast á nokkrum orðum, sú gáfan sem hver einstaklingur getur samið sjer, sú gáfan sem að miklu áliti er undirstaða allrar velmegunar mannsins í þessum heimi, og það er athyglin eða eftirtekt-

Skjalasafnið Ísafirði

Athugull maður getur beinlínis gert kraftaverk. Allir sem kynnir eru til vits, hafa heyrt getið um Benjamín Franklín, þann sem fann upp raf-magnið. Það var nákvæmri eftirtekt hans að þakka, að hann fann það upp, en hvílíkum stórbreyt-ingum hefir heimurinn tekið síðan menn lærðu að notfæra sér þetta stórkostlega afl. Með nákvæmni og eftirtekt hafa menn komist að ótal mörgum leyndardómum náttúrunnar. Hugvit og uppfynd-ingar eru ekki annað en nákvæm eftirtekt sam-para vitsmunum að gera vettar ályktanir.

„Þagalt og hugalt skyli þjóðans barn." segir í Hávamálum. Eftirtektar- og áhugalaus maður verður aldrei þjóð sinni til gagns eða sóma. Eftirtekt í smáu og stóru opnar fyrir manni hulið-heima. Margt sem í fljótu bragði sýnist óskilj anlegt og ómögulegt verður skiljanlegt og auðvelt við nákvæma eftirtekt. Enginn verður hugvitsmaður nema hann hafi áður veitt náttúru öflunum nák-væma athygli. Enginn góður sjómaður nema hann veiti skýjunum og sjólaginu - öldunum - nákvæma eftirtekt. Enginn góður fjármaður nema hann veiti sauðunum sínum eftirtekt. Í fám orðum sagt, enginn getur leyst starf sitt vel af hendi

Skjalasafnið Ísafirði

hvernig sem þar er háttað, hvort sem það er mikils vert eða auvirðilegt, nema hann sje athugull. Margt óhappa orð og verk hefir verið framið í athugaleysi. Margt orð og athöfn sem framið hefir verið í athugaleysi hefir valdið misskilningi, en í raunini er misskilningur athugaleysi eða dómgreindarleysi.

Jeg set hjer ofurlítla smásögu, sem sýnir hve afdrifaríkt, þó í smáu sje, getur upplýst narri óhúðlegt atvik. Maður var á ferð að haustlagi og var ríðandi. Um nóttina tapaði hann hestinum frá bænum sem hann gisti á, og vissi enginn í hvaða átt hann hafði farið. Víða var leitað og menn spurðir á næstu bæjum, en enginn hafði sjeð ókunnugann hest fara um. Loks hittu leitarmenn karl einn gamlan og spurðu hvort hann hefði sjeð hest fara hjá um morguninn en hann kvaðst engann sjeð hafa. Eh þegar leitarmenn voru að fara af stað spurði karl hvort hesturinn hefði ekki verið hvítur á hægri afturfæti. Jú. Eigandinn kvað svo vera, sástu hann þá? „Var ekki brotin skeifa undir vinstri framfæti?" spurði karl. Jú. „Var það ekki hryssa" „Jú, þú hefir sjeð hana maður hvar er hún?" sagði

Skjalasafnið Ísafirði

eigandinn. „Var hún ekki jörp og blind á vinstra
auga?" spurði karl. „Jú. En hvað er þetta maður,
hvi gætur þú ekki sagt til hennar fyrst að þú hefir
séð hana?" „Jeg hefi als ekki séð hana", sagði karl
„en hún hefir farið í morgun eftir götuni sem liggur
hjer austur með hálsinum". „Hvert heldurðu að hún
sagði eigandinn reiður, „að þú getir lýst hestinum svona
nákvæmlega og hafa ekki séð hann, þú hefir meira
að segja handfarið hans og stöðað undir hvern
fót, annars gætir þú ekki sagt að hann hefði brotna
skeifu á vinstri framfæti". „Jú", sagði karl með mestu
hægð „jeg sá það á sporunum að skeifan var brotin,
en fremur giskaði jeg á að skepnan væri hölt, því
að sporið eftir hægri afturfót var talsvert grynnra en
hin sporin, að það var hrygsa sá jeg á því hvernig
hún hafði staðið meðann hann kastaði af sjer þvagi".
„En hvernig gastu þá séð að hún var jörp?" sagði
eigandin kynnandi, faldi karlinn nú vera kominn
í gildruna. „Það sá jeg af því hún hafði klórað sjer
og nokkur hár dottið ofan á götuna, eftir litnum að dæma
var það af jörpu hrossi".

Annað atvik hefi jeg heyrt sagt af samnorðum
manni, á þessa leið: „Jeg var einu sinni á ferð með
einu af strandferða skipunum. Margir farþegar

Skjalasafnið Ísafirði

stóðu fram í stafni skipsins og fóludu medal annarsum
það hve skipið færi margar mílur á vökuni.

Það var einn gamall sjómaður í höpnum, hann
lagði ekkert til málana, en labbaði þegjandi fram
á stafn skipsins og kastaði eldspítnastokk beint niður
med stefninu, þrammaði svo med hendur í vösunum aftur
eftir skipinu og aftur í stafn, kom svo fram eftir
til okkar og sagði med mestu speki: „Hún mun
fara um 10 mílur á vöku". Hann hallaði n. l.
öll skip skútur. Við spurdum hvort hann hefði litið
á hraðamælirinn. „Sig varðar ekkert um hraðamælir
hún fer 10 mílur á vaktini". Við hálfefudum orð
karls, og sendum þrí einn til stýrimannsins til að
vita vissu okkar, en stýrimaður sagði honum að
skipið færi tíu mílur á vöku. Við spurdum karlinn
hvernig hann færi að vita þetta, en hann vildi
ekkert um það segja, sagði aðeins að hann
hefði sína aðferð til að vita það. Við komustum að
því seinna að hann þegði als ekki á hraðamælir
og vissi ekki hvað skipið hafði mikinn hraða að
jafnaði. Öfal fleyri-dæmi mætti nefna en hjer er
hvorki rúm né tími að minnast á fleyri, enda
óþarft, vegna þess að flestir eða allir munu hafa
einhvern tíma rekið sig á fjölda dæmi þessu lík

Skjalasafnið Ísafirði

og munu komast að raun um eins og þeg hefi tekið fram áður, að mörg ráð-gátan sem í fljótu bragði virðist óleysanleg verður auðveld athugulum manni.

Það er jafnan talið áreiðanlegast sem byggt er á reynslu, margra alda eða manns-aldra reynslu. t. d. að fúin spretti best ef eitthvað er á þann borið, sem gefur jurtunum næringu. Reynslan er þó eftir sekt margra alda, jafnvel alda eftirtekt. Eftirtektin er því þekking. Þekking er mentun. Svo þegar öllu er á botninn hvolft er öll mentun bygð á eftirtekt. Öll vísindi hvorrar tegundar sem þau eru, er margra alda eftirtekt og ályktanir.

Hversu mikla þekkingu fara þeir því á mis við, sem bolast áfram áhuga og eftirtektarlausir, þeim fara öll verk öfugt úr hendi, og eru engu nær um mikilleik tilverunnar, þegar hann grúfir kyrlega hans en meðan þeir voru ómálga börn í vöggunni, með öðrum orðum þeir hafa fyrst afmá sinni í insta kistu ómenskuskaparins.

Eftirtektin er í raunini engin sjer gáfa, sem einum er gefin fremur en öðrum, hún kemur af sjálfu sjer aðeins ef menn vilja temja sjer hana, hafa vilja og áhuga til að vita meira, læra meira.

Bók tilverunnar liggur opin fyrir hverjum þeim, sem nennir að leggja á sig það erfiði að lesa í hennni

Skjalasafnið Ísafirði

og eftir matti að skilja hana. Það er ekki mest um vert að lesa mikið, því enginn les þá bók til enda, hitt verður happadrýgra að skilja það sem lesið er.

Einar Guðmundsson.

Gætu skyldunar!

Hver sá maður sem komast vill áfram í heiminum verður að hafa sterkann vilja, að ná ákveðnu takmarki. „Ákveðið takmark gefur hverjum manni fastari tök á lífinu", segir Elísabeth Stúart.

Ef vjer athugum mannkynssögurna finnum vjer fjölda mörg dæmi þess, að bestu og nýtustu menn þjóðanna, hafa öðrum fremur alt frá æsku, haft ósjálfrátt löngun til þess að komast áfram, og nú því markið er þeir settu sjer í fyrstu, hversu óðrugt sem það var. Það virðist að þessi viljasterku mikilmenni, sjeu einkum afkomendur hinna lægri stjetta mannfjelagsins. Þetta atriði er mjög eftirtektarvert. Því skyldi maður ekki geta vænst þess fremur, að mestu og bestu menniv. væri afspringi heldra fólksins? Þú samanlega matti vænta þess. En nú virðist þetta alveg öfugt.

Skjalasafnið Ísafirði

þetta atriði sýnir svo dásamlega, að það er viljinn stefnufestan og vinnan sem skapar afburðamennina. Þeir sem alast upp í alsnægtum sem kallað er, og fá alla hluti sem hugur þeirra girnist, án nokkurar fyrirhafnar, verða aldrei snortnir þeirri unaðsdulu meðvitund að vera sjálfum sjer nógur, að lifa í sveita síns andlitis. Menn þessir læra því alls ekki að beyta sínum sálar og líkamskröftum fyrir sinni eigin tilveru.

En hinir sem fæðast og alast upp í heimkynni fáfræðinnar, verða að vinna strags og orkan leiðir. Þeir fá ást á að læra að beyta sínum sálar og líkamskröftum. Drekka það í sig með móðurmjólkinni að lífið er barátta, fyrir sinni eigin tilveru fyrst og fremst, og þar næst fyrir landið og þjóðina. Þeim verður það ljóst að enginn sigur er án baráttu og að „enginn verður óbarinn biskups". Þeir feta sig áfram smátt og smátt. „Hugurinn ber þá hálfa leið", eins og máltækið segir. Þó stöðin sjeu ekki margbrotin í fyrstu, ef þau eru aðeins vel af hendi leyst, vekja þau traust og löngun til að fá eitthvað vandasamara til þess að fást við, til áfangar starfshæfileikunum. Þannig feta þeir sig áfram stig af stigi, þar til þeir standa sigri hrósandi á efsta þrepi menningarstigans, viðurkend mikilmenni.

„Verðu trúr yfir litlu, þá mun jeg gefa þjer lífsins

Skjalasafnið Ísafirði

kórónu", stendur einhversstaðar. Þegar vér erum óánægð
með þau störf sem okkur er ætlað að framkvæma, þykir
þau að einhverju leiti okkur ekki samboðin, - teljum
oss betur henta annað vandasamara, er gott að hafa
þessa setningu í huganum. „Vertu trúr yfir litlu",
vitandi að þá verðirðu settur yfir meira.

„Þá er verk sitt kann til fullnustu og getur unnið
það lifir enn alltr aðrir, kann er hólpinn, hversu
lítilfjörlegt sem starfið er í sjálfu sjer" segir Svett Marden.

Góðir félagar! „Starfið er margt". Já margt er að
starfa. Drífið nóg verkefni hvert sem litið er. En þó eru
svo margir ýfjulausir; — finna ekki skyldu til að
hlúa að fósturjörðinni sinni, „sem bíður með þrá sem
ásmey örmum þöndum eftir þeim sveini er leysi hana
af böndum". Það eru ekki öfrelsbönd in sem nú
þarf að leysa, eins og skáldið á við, því nú eru þau
leyst og vér viðurkendir sem sjálfstæð þjóð. En mörg
eru samt böndin sem kreppa að fóstru vorri, og
krefst hún hraustra handa til þess að þau verði
leyst sem fyrst, svo að hún dragist ekki aftur úr
öðrum menningarþjóðum og dagi upp sem náttfröll fyrir komandi degi. Það er íslenski aðalyðurinn „Vormenn Íslands", sem á að leysa böndin af
fjallkonunni. Því að: —

Skjalasafnið Ísafirði

„Geima ái þínum hertum kvíla,
heill ag forráð þessa lands,
þegar grónar grafir skýla,
gráum harmi níðingsans".

Það er á valdi hins upprennandi æskulýðs hvað framtíð þetta land á. Enginn, hvorki karl né kona má skerast úr leik í framsóknarbaráttuni. Allir geri skyldu sína. Hver einstaklingur er hlekkur í þeirri keðju sem tengir saman hinn íslenska þjóðarlíkama. Ef einn hlekkurinn brestur er gló-unin vís, þar fyrir getur þjóðarfleyið brotnað á skeri sundrungar og sundurlyndis og sundrungar. Standið á verði. Hafið gætur á öllu því sem framfer með al þjóðarinnar, og verið viðbúin að rjetta hjálparhönd mönnum og málefnum, sem stefna framsóknarbrautina. Temjum oss að beyta starfskröftum vorum. Félagsskapur vor gefur oss þar tækifæri.

Ef vjer innum vel af hendi skyldur vorar við hann, getum vjer verið viss um að hann hefir blessun í fórmeð sjer bæði fyrir land og lýð. Að síðustu vil jeg enda þessar línur með þessari fögru setningu skáldsins:

„Sú þjóð sem í gæfu og gengi vill bríla,
á guð sinn og land sitt skal trúa. —

Jón Jónsson.

Skjalasafnið Ísafirði

ŋ kvíla,
s,
a,
s".
t s
rki kast
ttuni
lekkur í
ska
er glöt-
á'skeri
di. Hafið
nar, og
ni og
. Temjum
ur vor

it hann,
un í'
il jeg
kallsins:

~

ssons.

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

A 11

3.j13.m10.a

№475
Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði